skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

TAL
GERÐU OKKUR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
17. janúar 2011
13. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Guðmunda áritaði

Safnarinn Ólafur hitti söngkonuna Guðmundu Elíasdóttur á dögunum og hún áritaði plötuna Lífsjátningu.

fólk 30

Börnin elskuðu Dorrit

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff heimsótti leikskólann Öskju.

fólk 30

Japan hefur komið á óvart

Guðmundur Guðmundsson vonast til þess að mæta með réttu hernaðaráætlunina í leikinn gegn Japan.

sport 26

veðrið í dag

ÉLJAGANGUR eða lítils háttar snjókoma norðanlands en slydduél suðvestan- og sunnanlands. Austan til verður bjart með köflum. Frekar hægur vindur víðast hvar. Veður fer kólnandi.

VEÐUR 4

muundu eftir mjólkinni!
muu

Halldór J. settur í farbann

Fyrrverandi starfsmenn Landsbankans voru yfirheyrðir hjá embætti sérstaks saksóknara um helgina. Þeir eru sakaðir um umfangsmikil fjársvik, umboðssvik, skilasvik og markaðsmisnotkun um fimm ára skeið.

LÖGREGLUMÁL Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefur verið úrskurðaður í farbann til 25. janúar. Hann kom til landsins í gær frá Kanada, þar sem hann er búsettur, til að gefa skýrslu hjá sérstökum saksóknara. Málið snýst um meinta markaðsmisnotkun stjórnenda bankans um fimm ára skeið í aðdraganda hrunsins. Um tugmilljarða króna er að ræða.

„Allt sem ég hef komið nálægt hef ég gert í fullu samræmi við lög og reglur, það er mín skoðun," sagði Halldór J. þegar hann mætti til sérstaks saksóknara. Yfirheyrslur stóðu fram á áttunda tímann í gærkvöldi en þá var Halldór úrskurðaður í farbann. Friðjón Örn Friðjónsson, lögmaður Halldórs, segir annað ekki hafa staðið til en að vinna með embættinu að rannsókn málsins og því hafi verið fallist á farbannskröfuna.

> Allt sem ég hef komið nálægt hef ég gert í fullu samræmi við lög og reglur, það er mín skoðun.
>
> **HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON**
> FYRRVERANDI BANKASTJÓRI

Sjö fyrrverandi starfsmenn gamla Landsbankans voru yfirheyrðir vegna málsins á fimmtudag í síðustu viku og héldu sex teymi á vegum embættis sérstaks saksóknara yfirheyrslum áfram frá morgni til kvölds á laugardag en eftir hádegi í gær. Þrír til fjórir eru í hverju teymi.

Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald til 25. janúar á fimmtudag var yfirheyrður alla helgina en Ívar Guðjónsson, fyrrverandi forstöðumaður eigin viðskipta Landsbankans, sem sætir gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni fram á fimmtudag var ekki yfirheyrður. Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður hans, gerir ráð fyrir að yfirheyrslur haldi áfram í dag.

Fréttastofa Stöðvar 2 sagði frá því í gærkvöldi að í gæsluvarðhaldskröfu yfir Sigurjóni sé hann sakaður um fjársvik, umboðssvik, skilasvik og markaðsmisnotkun sem laut að því að halda uppi gengi hlutabréfa bankans, svo sem með lánveitingum til útvalinna viðskiptavina bankans til kaupa á hlutabréfum bankans með veði í bréfunum sjálfum. Meðal annars er Sigurjón sakaður um að bera ábyrgð á því að veita Georg Tzvetanski, fyrrverandi aðstoðarforstjóra BalkanPharma og stjórnarmanni í Pharmaco, nú Actavis, 4,5 milljarða króna yfirdráttarlán til kaupa á hlutabréfum Landsbankans 30. september 2008, degi eftir þjóðnýtingu Glitnis. Eftir því sem næst verður komist eru sakargiftir þær sömu yfir öðrum sem yfirheyrðir hafa verið vegna málsins en hlutur hvers mun vera mismikill. **- jab**

BJÖRGUN Í BLÍÐUNNI Það viðraði vel til æfinga þegar Hjálparsveit skáta í Kópavogi hélt nýliðanámskeið sitt á Álftanesi í gær. Nokkrir brugðu sér í hlutverk sjúklinga, þar á meðal Dagmar Birgisdóttir sem Sverrir Örn Jónsson fór létt með að flytja í land. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á SKÓLABEKK Fjöldi fanga stundar nám á Litla-Hrauni.

Gott starf unnið í fangelsum:

Aldrei fleiri fangar í námi

MANNLÍF Fjöldi þeirra fanga sem stundar nám meðfram afplánun hefur aldrei verið meiri en í ár. Alls eru 42 fangar á Litla-Hrauni skráðir til náms við Fjölbrautaskóla Suðurlands og 16 fangar af 18 á Bitru hafa innritað sig til náms. Þá eru nokkrir fangar á Kvíabryggju skráðir í fjarnám.

Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni, segir menn sem ljúka námi í afplánun horfa öðruvísi til framtíðar. „Menn sjá að þeir hafa möguleika til að breyta um umhverfi og ég tel að skóli sé eitt besta ráðið til að hjálpa þeim að snúa af braut afbrota og draga úr endurkomum." **- jma/tímamót 16**

Færri skemmtiferðaskip bókuð fyrir sumarið en farþegafjöldi svipaður:

Stærri skip sem stoppa lengur

SAMGÖNGUR Alls eru 63 skemmtiferðaskip nú þegar bókuð um Faxaflóahafnir næsta sumar, á tímabilinu maí til loka september.

Í fyrra voru skipin 73. Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna reiknar ekki með að fjöldi skipa í ár nái þeirri tölu þó einhverjar pantanir eigi eftir að skila sér. Farþegafjöldi verði þó svipaður. „Við eigum von á færri skipum en stærri. Farþegafjöldinn er áætlaður um 68.000 manns í ár en var 70.000 í fyrra."

Auk þess að skipin eru að stækka segir Ágúst ástæðu færri bókana þetta árið um Faxaflóahafnir geta meðal annars verið að ferðir dreifist öðruvísi á hafnir landsins. Útlit fyrir árið 2012 sé gott. „Nú þegar hafa yfir 40 skip bókað sig fyrir 2012. Eins er sú breyting að verða síðustu ár að skipin stoppa yfir nótt og fara á fleiri hafnir á landinu. Farþegarnir skilja þá eftir sig meira af peningum."

Stærsta skipið sem kom hingað á síðast ári, Crown Princess, var 113.651 lestir, með á fjórða þúsund farþega innanborðs og 1.200 manna áhöfn. Í sumar er von á enn stærra skipi, Azura, sem er 116.000 lestir að stærð. **- rat**

Í REYKJAVÍK Norskt skemmtiferðaskip á ytri höfninni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SPURNING DAGSINS

Doktor Gunni, þjáðist sjúklingurinn mikið fyrir andlátið?

„Hann þjáðist ekki neitt, og svo verður líkinu sparkað fram og til baka næstu áratugina."

Kenningar eru uppi um að rokkið sé dautt sem ríkjandi tónlistarstefna, en einungis þrjú af hundrað vinsælustu lögunum í Bretlandi á síðasta ári voru rokklög. Tónlistardoktorinn Gunni hefur ekki miklar áhyggjur af því.

Lífshættulega slasaður eftir líkamsárás fyrir utan skemmtistaðinn Players:

Misþyrmdu liggjandi manni

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri slasaðist lífshættulega þegar hann varð fyrir fólskulegri líkamsárás utan við skemmtistaðinn Players í Kópavogi aðfaranótt sunnudags, en hópur fólks réðist að honum.

Viðkomandi var laminn í götuna og er talið að allt að fimm manns hafi látið högg og spörk dynja á höfði hans þar sem hann lá.

Þolandinn missti meðvitund og var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans. Hann var með alvarlega höfuðáverka og var ástand hans tvísýnt um tíma, en hann var fluttur af gjörgæslu í gærdag.

PLAYERS Hópur fólks veittist að manni fyrir utan staðinn og slasaði hann lífshættulega.

Lögregla yfirheyrði í gær karl og konu á þrítugsaldri varðandi aðild þeirra að málinu.

Yfirheyrslur stóðu enn yfir þegar blaðið fór í prentun, en samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var rannsókn í fullum gangi. Ekki hafði verið tekin ákvörðun um hvort krafist yrði gæsluvarðhalds yfir fólkinu og ekki var ljóst hvort fleiri yrðu yfirheyrðir í tengslum við málið.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði að fórnarlambið hefði lent í útistöðum við konuna inni á staðnum. Hún hafi síðan elt hann út á bílastæði þar sem árásin átti sér stað. - þj

Rannsókn á áhrifum reykinga:

Valda skaða á stuttum tíma

HEILSA Reykingar skaða líkamann á nokkrum mínútum en ekki nokkrum árum, segja vísindamenn frá University of Minnesota, sem nýlega birtu niðurstöður úr rannsókn þess efnis í læknatímaritinu Chemical Research in Toxicology.

Rannsóknin var nokkuð smá í sniðum, en könnuð voru áhrif reykinga á tólf aðila. Hún leiddi í ljós að efni sem skaðar DNA og tengist krabbameini mynduðust í líkömum viðfangsefnanna á fimmtán til þrjátíu mínútum. - kg

MARINE LE PEN Dóttir Jean-Marie Le Pen er orðin leiðtogi Þjóðfylkingarinnar.

Marine Le Pen kosin leiðtogi:

Vill bæta ímynd flokksins

FRAKKLAND Marine Le Pen var í gær kjörin leiðtogi Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi eftir öruggan sigur í leiðtogakjöri flokksins. Hún tekur við af föður sínum, Jean-Marie Le Pen sem stofnaði flokkinn árið 1972.

Þóðfylkingin er hægri sinnaður flokkur og hefur barist gegn innflytjendum. Marine Le Pen segist þó vilja brjóta niður ímynd flokksins um útlendingahatur. Búist er við að Marine Le Pen verði forsetaframbjóðandi flokksins og því spáð að flokkurinn gæti orðið þriðji hlutskarpasti í forsetakosningunum 2012. - rat

Geysir Green Energy:

Tapaði um 18 milljörðum

VIÐSKIPTI Geysir Green Energy (GGE) tapaði 17,8 milljörðum króna á árinu 2009. Það tap bætist við 16,7 milljarða tap félagsins á árinu 2008. Þetta kemur fram í ársreikningi GGE fyrir árið 2009 sem greint er frá á vef Viðskiptablaðsins.

Þar segir að GGE hafi farið mikinn á árunum fyrir hrun og hafi þá meðal annars verið að stórum hluta í eigu FL Group. Nú heldur Íslandsbanki, helsti lánardrottinn þess, á nánast öllum eignarhlutum í GGE. Í ársreikningnum kemur fram að eignir GGE séu metnar á 22,6 milljarða króna í árslok 2009 en að skuldir þess séu 30,6 milljarðar króna. - kg

Hafnar samræmdri stefnu í samningum

Formaður Verkalýðsfélags Akraness andvígur samræmdri launastefnu í kjaraviðræðum. Gæti dregið til baka umboð Starfsgreinasambandsins til samninga. Fleiri gætu fylgt í kjölfarið en samninganefnd þekkir ekki til slíkra krafna.

KJARAMÁL Einstök félög innan Starfsgreinasambands Íslands gætu dregið samningsumboð sitt til baka og farið eigin leiðir í kjarasamningum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ástæðan er meðal annars samræmd launastefna sem talað hefur verið fyrir sem forsendu stöðugleika á vinnumarkaði.

Málið ræðst að öllum líkindum á fundi Starfsgreinasambandsins í dag þar sem tekin verður ákvörðun um næstu skref.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir samræmda launastefnu ekki þjóna hagsmunum sinna félagsmanna.

„Ef Starfsgreinasambandið ákveður á fundinum að fara út í samræmda launastefnu þar sem allir íslenskir launþegar verða settir upp í sama sporvagninn og eiga að fá sömu hækkanir, þá mun ég leggja til við saminganefnd félagsins að samningsumboðið verði dregið til baka og við semjum sjálf við Samtök atvinnulífsins um kaup og kjör félagsmanna."

Vilhjálmur bætir því við að það sé ekki hægt að leggja allar atvinnugreinar að jöfnu því að á meðan margir séu vissulega í sárum standi fyrirtæki í útflutningi sig vel, meðal annars vegna veikingu krónunnar.

„Þess vegna sé ég enga ástæðu fyrir að gefa þessum fyrirtækjum einhvern afslátt í kjarasamningunum. Þau hafa fulla burði til að skila sínum ávinningi til starfsmanna og það er okkar krafa að það verði gert. Við munum fylgja því eftir af fullum þunga."

Heimildarmaður Fréttablaðsins innan verkalýðshreyfingarinnar, sem vildi ekki láta nafns síns getið, segir að staðan sé þannig að nokkur félög innan sambandsins gætu sagt sig frá viðræðunum, en það velti á útkomu fundarins í dag.

Björn Snæbjörnsson, formaður samninganefndar Starfsgreinasambandsins, segist ekki hafa heyrt af þessum hugmyndum einstakra félaga, en sagði málin myndu skýrast á fundinum í dag.

Sverrir Már Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs á Austurlandi segir að engin ólga sé innan Starfsgreinasambandsins út af samræmdri launastefnu.

„Ég veit ekki um neitt félag sem hefur hótað að draga samningsumboð sitt til baka út af því."

Hann sagði þó að ef til þess kæmi að AFL myndi taka upp viðræður við atvinnurekendur yrði það í mjög nánu samstarfi við Starfsgreinasambandið.

thorgils@frettabladid.is

NORÐURÁL Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir ekki hægt að leggja allar atvinnugreinar að jöfnu því á meðan margir séu vissulega í sárum standi fyrirtæki í útflutningi vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undirskriftir afhentar:

Hvetja til keðjusöngs hjá stjórnarráðinu

UMHVERFISMÁL Aðstandendur undirskriftasöfnunar á vefnum orkuaudlindir.is munu ræða við forsvarsmenn ríkisstjórnar Íslands klukkan 10 í dag. Þá verður stjórnvöldum einnig afhentar nærri 50.000 undirskriftir með áskorun til þeirra um að vinda ofan af einkavæðingu helstu orkufyrirtækja landsins og láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald og nýtingu orkuauðlindanna.

Þá hvetja aðstandendurnir alla sem láta sig málið varða til að safnast saman fyrir framan stjórnarráðshúsið við Lækjargötu klukkan 10 í dag og færa yfirvöldum undirskriftirnar með keðjusöngnum „Sá ég spóa". - kg

Sluppu nær ómeidd:

Þunguð kona og barn í veltu

SLYS Mikil mildi þykir að þunguð kona hafi sloppið nær ómeidd úr bílveltu á Reykjanesbrautinni síðdegis á laugardag. Með konunni var eins árs gamalt barn sem var fest í barnabílstól.

Alls fór bíllinn þrjár veltur og er gjörónýtur. Konan, sem var gengin 32 vikur eða um átta mánuði, meiddist lítillega á höfði en að öðru leyti heilsast henni, barni og fóstri vel. Ekkert amaði að ársgamla barninu þrátt fyrir velturnar.

Læknum þótti ráðlegast að halda konunni yfir nótt á spítala svo hægt væri að fylgjast með líðan hennar, en til stóð að útskrifa hana í gær. - vg

VESTURLAND

Fótbrotnaði í fjallgöngu

Maður fótbrotnaði á Heiðarhorni á Skarðsheiði í gærdag. Hann var í æfingaferð með Hjálparsveit skáta þegar slysið varð. Vegna þoku gat þyrla ekki sótt manninn og báru björgunarmenn hann því niður.

Viðræður hafnar um myndun þjóðstjórnar í Túnis:

Allir taki þátt í uppbyggingu

TÚNIS Viðræður um myndun þjóðstjórnar hófust í gærmorgun milli forystumanna helstu stjórnmálaflokka í Túnis.

Mohammed Ghannouchi, forsætisráðherra leiðir viðræðurnar og er allt kapp lagt á að koma saman nýrri ríkisstjórn sem fyrst eftir að Ben Ali forseti flúði land á fimmtudaginn var. Þar með lauk 23 ára strangri valdatíð hans.

Nýsettur forseti landsins Foued Mebazaa lýsti því yfir að enginn íbúi Túnis væri útilokaður frá pólitískri uppbyggingu landsins. Forystumenn andstöðuflokkanna ræddu við forsætisráðherrann á laugardag og sagðist Rached Ghannouchi, forystumaður hins íslamska Ennahadha-flokks, sem gerður var útlægur í valdatíð Bens Ali, væntanlegur til Túnis innan fárra vikna.

SKRIÐDREKI Í MIÐBORGINNI Ástandið í Túnisborg hefur verið eldfimt undanfarna daga. Útgöngubann hefur verið í borginni. NORDICPHOTOS/AFP

Undanfarnar fjórar vikur hefur landið logað í óeirðum mótmælenda vegna atvinnuleysis, hækkandi matvöruverðs og pólitískrar spillingar. Fréttir breska ríkisútvarpsins herma þó að tveir síðustu dagar eftir að forsetinn flúði land hafi verið rólegri og var útgöngubann stytt um tvo tíma í gær. Ástandið er þó enn viðkvæmt. Herinn hefur lokað miðborgina af og íbúar vígbúast með bareflum til að verja heimili sín. - rat

Fyrirtækjaþjónusta Nova

Einhver með góðar sparnaðarhugmyndir? Einhver?

Hafðu samband við Fyrirtækjaþjónustu Nova í síma 519 1000 eða sendu okkur póst á vip@nova.is og við hjálpum þér að lækka símreikninginn svo um munar.

Eitt verð í alla!

– óháð því hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru.

STARTGJALD
Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
5 90 kr.

MÍNÚTUVERÐ
Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
9 90 kr.

SMS/MMS
Í alla farsíma á Íslandi
9 90 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 14.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,95	116,51
Sterlingspund	183,68	184,58
Evra	155,07	155,93
Dönsk króna	20,814	20,936
Norsk króna	19,692	19,808
Sænsk króna	17,215	17,315
Japanskt jen	1,3988	1,4070
SDR	179,37	180,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
210,6268
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þorsteinn M. Jónsson selur Vífilfell til Spánverja í uppgjöri sínu við Arion Banka:

Skuldaði níu milljarða króna

VIÐSKIPTI Framleiðandi Coca Cola á Spáni hefur gengið frá kaupum á Vífilfelli, framleiðanda Coca Cola hér á landi. Ekki liggur fyrir hvert kaupverðið er.

Viðskiptin eru liður í endurskipulagningu á skuldum Þorsteins M. Jónssonar, aðaleigenda Vífilfells, við Arion Banka og hefur vinnan við það staðið yfir um nokkurra mánaða skeið. Kaupverðið mun ganga upp í skuldir Þorsteins og félaga sem honum eru tengd.

Þorsteinn átti Vífilfell í gegnum einkahlutafélagið Sólstafi. Félagið tapaði tæpum 1,6 milljörðum króna árið 2009 og kemur það til viðbótar við 5,8 milljarða króna tap árið 2008. Eigið fé Sólstafa var neikvætt um samtals tíu milljarða króna á árunum 2008 og 2009. Skuldir og áfallnir vextir námu rétt rúmum 8,9 milljörðum króna í lok árs 2009.

ÞORSTEINN M. JÓNSSON

Sólstafir var um tíma stórtækt á hlutabréfamarkaði og átti hluti í Bakkavör, Byr sparisjóði og Exista fyrir 170 milljónir króna í lok árs 2008. Eignarhlutirnir voru að mestu afskrifaðir árið 2009. Verðmætasti hlutur félagsins var Vífilfell, sem bókfært var á rétt tæpa tvo milljarða króna.

Ekki náðist í Þorstein vegna vinnslu fréttarinnar í gær. Fréttastofa Stöðvar 2 sagði hins vegar um helgina Þorstein hverfa úr hluthafahópnum en hann hefur til þessa verið stjórnarformaður fyrirtækisins. - jab

Áfram rigning í Brasilíu:

Um 600 látnir í aurskriðum

BRASILÍA Brasilískir hermenn komu til Teresopolis í Brasilíu til björgunarstarfa í gær en bærinn fór einna verst út úr aurskriðum sem fallið hafa í grennd við Rio de Janeiro undanfarna daga.

Ekki hefur rignt eins mikið á svæðinu í 44 ár og er tala látinna um 600 manns. Óttast er að enn fleiri hafi látist því björgunarsveitir hafa ekki komist til allra þeirra svæða þar sem aurskriður hafa fallið. Áfram er spáð stöðugri úrkomu á svæðinu út næstu viku. - rat

Boða til mótmæla í dag:

Vilja stöðva nauðungarsölur

FJÁRMÁL **Hagsmunasamtök heimilanna krefjast þess að að nauðungarsölur og afborganir lána verði stöðvaðar og ekki heimilaðar að nýju fyrr en hlutur lántaka hefur verið réttur. Þetta kemur fram í ályktun almenns félagsfundar samtakanna sem haldinn var á laugardag.**

Þar er þess einnig krafist að fjárskuldbindingar almennings verði leiðréttar vegna afleiðinga banka- og gjaldeyrishrunsins. Staða lántaka verði þannig jöfnuð gagnvart innistæðueigendum sem fengu hlut sinn fyrirhafnarlaust bættan með ákvörðun stjórnvalda. Enn fremur hvetur fundurinn landsmenn til að mæta á Austurvöll eða torg sinna byggðarlaga í dag klukkan 16.30 til að tjá hug sinn gagnvart stjórnarfarinu. - kg

Fékk tvo mánuði á skilorði:

Sparkaði í lögreglu og hótaði

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að sparka í lögreglumann og hóta tveimur öðrum líflláti.

Upphaf málsins átti sér stað á skemmtistaðnum Manhattan í Reykjanesbæ í apríl 2010. Maðurinn réðst með ofbeldi á lögreglumanninn, sem þar var við skyldustörf og sparkaði í hægri fótlegg hans, með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgu og eymsli í hægri ökkla. Í lögreglubíl á leið á lögreglustöð hótaði hann tveimur lögreglumönnum líflláti.

Maðurinn játaði sök. - jss

Niðurfelling lána getur numið 15 til 30 milljónum

Lánveitendur hafa gert samkomulag um niðurfærslu fasteignalána. Öll úrræði fyrir skuldsett heimili því komin til framkvæmda, mánuði á eftir áætlun. Ráðherra segir ekki von á frekari niðurfærsluaðgerðum.

EFNAHAGSMÁL Samningar um síðasta atriði aðgerða í þágu skuldsettra heimila tókust á laugardag þegar lánveitendur á íbúðamarkaði komu sér saman um verklag við aðlögun fasteignalána að verðmæti fasteignar. Með því eru öll boðuð úrræði til lausnar skuldavanda heimilanna komin upp á borðið og bjóðast skuldurum strax í dag.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Samkvæmt þessu nýjasta samkomulagi býðst eigendum heimila, þar sem áhvílandi veðskuldir eru umfram 110 prósent af verðmæti eignarinnar, að færa skuld sína niður að því marki, að uppfylltum ýmsum skilyrðum.

Niðurfelling lántakenda getur numið allt að 15 milljónum fyrir einstaklinga og 30 milljónum fyrir einstæða foreldra og sambýlisfólk.

Niðurfærsla upp að fjórum milljónum fyrir einstaklinga og sjö milljónum fyrir einstæða foreldra og sambýlisfólk er óháð tekjum, utan þeirra lífeyrissjóðslána sem miða við að greiðslubyrði af umræddum lánum sé ekki lægri en sem svarar 18 prósentum af heildartekjum umsækjenda.

Samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda og lánveitenda frá 3. desember átti þessi valkostur að vera til reiðu þann 15. desember og er því mánuði á eftir áætlun.

„Þetta hefur tekið nokkurn tíma því að menn voru að reyna að

> Við höfum verið að ganga að stjórnarskrárvörðum eignarétti banka og lífeyrissjóða og það er ekkert frekara svigrúm.
>
> ÁRNI PÁLL ÁRNASON
> EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

útfæra þetta þannig að það nýttist fleirum er ráðgert var í upphafi og það hefur tekist," segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, í samtali við Fréttablaðið.

Árni Páll segir þó ánægjulegt að búið sé að klára úrræðin sem eru í boði.

„Nú er um að gera fyrir skuldara að snúa sér beint til þeirra sem eru aftast í veðröðinni, en þeir eiga að halda utan um málin gagnvart öðrum lánveitendum."

Aðspurður segir Árni að ekki verði boðið upp á fleiri úrræði að svo stöddu.

„Við höfum verið að ganga að stjórnarskrárvörðum eignarrétti banka og lífeyrissjóða og það er ekkert frekara svigrúm. Við höfum kallað eftir því að menn núvirði kröfur og horfist í augu við það sem er glatað í þeim og það er gert með þessum úrræðum. Við höfum viljað að svigrúm fjármálastofnana sé nýtt til fulls og teljum að það sé gert með þessu. Nú skiptir hins vegar mestu máli að ganga eftir því að málin gangi hratt og örugglega svo að þessar aðgerðir skili sér í raun en ekki bara á pappírnum."

thorgils@frettabladid.is

FASTEIGNALÁN FÆRÐ NIÐUR Með samkomulagi lánveitenda um niðurfærslu skulda eru öll fyrirhuguð úrrræði til lausnar skuldavanda heimilanna komin til framkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Úr samkomulagi um aðlögum fasteignalána:

- Skuldir sem færa má niður samkvæmt samkomulaginu eru skuldir sem stofnað var til vegna fasteignakaupa umsækjanda á árunum fyrir 2009 og hvíla með veði á eign sem er til heimilishalds. Þó eru undanskilin lán sem íbúðalánasjóður veitti til endurbóta og voru yfir fasteignamati hinnar veðsettu eignar við lánveitingu.
- Unnt er að sækja um niðurfellingu skulda samkvæmt samkomulaginu fram til 1. júlí 2011.
- Samkomulagið kemur ekki í veg fyrir að lánveitendur veiti viðskiptavinum sínum frekari greiðsluerfiðleikaúrræði.

Heimild: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Það kólnar á landinu til morguns en annað kvöld nálgast lægð með hlýnandi veðri en einnig vaxandi vindi og talsverðri vætu sunnan- og vestanlands aðfaranótt miðvikudags. Á miðvikudag lítur svo út fyrir talsverða rigningu á Suðausturlandi.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	14°
Berlín	7°
Billund	6°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	21°
London	10°
Mallorca	17°
New York	-4°
Orlando	23°
Ósló	1°
París	9°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:

Tölvunám sem gefur þér forskot

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 25 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Fáðu vind í seglin og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám
Morgun- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 75/3



Tölvunám fyrir 50+
Dag- eða kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun.

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3

Vefsíðugerð - grunnur
Dag- eða síðdegisnám

Bókaðu þig núna í skemmtilegt nám um vefsíðugerð og lærðu grunnatriði vefsíðugerðar með DreamWeaver og Photoshop. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér og bæta við sig öðrum áföngum til að dýpka þekkinguna á vefsíðugerð.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2

Hagnýtt bókhaldsnám
Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 109.900 Stundir/einingar: 94/4

Stafræn ljósmyndun
Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 17.900 Stundir: 13

MCTS Configuring Windows 7
Síðdegisnám eða fjarnám

Einstakt nám um alla þætti Windows 7, uppsetningu þess, rekstur og notkun í krefjandi umhverfi í netum fyrirtækja og stofnana. Námið er undirbúningur að töku alþjóðlega viðurkenndra sérfræðiprófa (MCTS).

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2

Windows 7 kerfisfræði
Síðdegisnám eða fjarnám

Yfirgripsmikið nám fyrir þá sem vilja kunna mjög vel á Windows 7 stýrikerfið og nýta frábæra eiginleika þess hvort sem er til eigin nota eða til starfa sem Windows 7 sérfræðingur.

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 36/1

DreamWeaver vefsíðugerð
Dagnám eða síðdegisnám

Lærðu á vinsælasta forritið til þess að búa til nútímalegar, kraftmiklar og upplýsandi vefsíður með grafík, valmyndum, hnöppum og CSS sniðsíðum sem auðvelda vefsíðugerðina. Ítarlegt og gagnlegt námskeið sem kemur þér af stað við vefsíðugerðina.

Verð: 34.900 Stundir/einingar: 27/1

Hagnýtt bókhaldsnám II
Morgun- eða kvöldnám

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3

Fartölvunámskeið
Dagnám eða kvöldnám

Komdu með þína eigin Windows fartölvu á námskeið og lærðu að nota hana til fulls. Stillingar, tengingar, flakkarar, skjalakerfi, prentun, tölvupóstur, ritvinnsla, innlestur ljósmynda, afritun, veiruvarnir, öryggismál og notkun ókeypis forrita.

Verð: 18.900 Stundir: 13 (mætt 3svar)

MCTS Windows Server 2008 Admin
Síðdegisnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðlegt próf (MCTS) og starf sem kerfisstjóri í fyrirtækjum. Nám sem opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2

Tölvuþjónustunám
Morgun- eða síðdegisnám

Áhugavert og skemmtilegt nám sem gerir þér kleift að verða betri notandi og sinna tölvuþjónustu við aðra. Allt það mikilvægasta um uppsetningu og notkun Windows 7 og Office 2010 (Word, Excel, PowerPoint og Outlook) og lykilatriði um rekstur netkerfa og tölvubúnaðar.

Verð: 109.900 Stundir/einingar: 90/4

Flash margmiðlun
Dagnám eða síðdegisnám

Lærðu að gera lifandi vefi og vinna myndir með verkfærum sem fagmennirnir nota. Stutt og hnitmiðað nám þar sem kennt er að búa til lifandi auglýsingar og vefi með hreyfimyndum, gagnvirkni og sjálfvirkni. Námið má tengja DreamWeaver og Flash á tilboðsverði.

Verð: 29.900 Stundir/einingar: 18/1

Tölvu- og bókhaldsnám
Morgunnám

Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald og tölvubókhald.

Verð: 174.900 Stundir/einingar: 171/8

Joomla vefsíðugerð
Síðdegisnám eða kvöldnám

Lærðu að búa til vefi með einu þekktasta vefumsjónarkerfi veraldar og sláðu í gegn. Enginn hugbúnaður sem þarf að kaupa og hægt að byrja á vefnum strax. Joomla er einfalt og öflugt og margar af þekktustu síðunum eru gerðar með Joomla.

Verð: 24.900 Stundir: 18

Úrval námskeiða frá kr. 6.900

- Access i og ii • Excel i, ii og iii
- ASP .NET forritun • Silverlight
- Diplómanám í forritun • DreamWeaver
- Fingrasetning • Flash i og ii
- Gagnagrunnsfræði • Hugarkort
- Internetið • Outlook tímastjórnun
- Outlook • Photoshop Elements • Picasa
- Project • PRINCE2 • Pivottöflur Excel
- PowerPoint i og ii • Photoshop i og ii
- Stafræn ljósmyndun
- Stafræn myndbandagerð • Windows 7
- Word i og ii • Dreifibréf og markpóstur
- Vinnsla langra skjala og .....

Visual C# og ASP.NET forritun
Kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni. ASP vefforitun er hluti af náminu en hægt er að sækja hvorn hluta námsins fyrir sig, C# eða ASP (sjá www.tv.is).

Verð: 169.900 Stundir/einingar: 94/4



Photoshop nám
Dagnám eða síðdegisnám

Bókaðu þig núna á kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða ljósmyndun. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér.

Verð: 34.900 Stundir/einingar: 27/1

Hagnýt verkefnastjórnun
Dagnám

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútímaverkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2

Almennt tölvunám framhald
Morgunnám

Frábært framhaldsnámskeið fyrir þá sem þegar kunna allt það helsta í Windows og Office forritunum. Námsgreinar: Word II, Excel II, PowerPoint II og Outlook II. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 54/3

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

Einka- og hópkennsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.

Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem hefur verið í fremstu röð frá 1986.
Skoðaðu nánar á www.tv.is

Viðurkenndur tölvu- og viðskiptaskóli á framhaldsskólastigi. Ráðgjafastofa
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | Fax: 520 9009 | tv@tv.is

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

KJÖRKASSINN

Ertu ánægð/ur með leik íslenska landsliðsins á HM í handbolta?

Já 92,8%

Nei 7,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að úrræði vegna skuldsettra heimila muni duga til að leysa skuldavandann?

Segðu skoðun þína á visir.is

Makríldeilur ræddar á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar:

Ekkert löndunarbann í bili

SJÁVARÚTVEGUR Evrópusambandið (ESB) hefur enn ekki tilkynnt íslenskum stjórnvöldum um boðað löndunarbann á makrílafla íslenskra skipa í höfnum aðildarríkja sambandsins. Eins og fram hefur komið eru ESB og Noregur ósátt við einhliða ákvörðun Íslendinga um úthlutun makrílkvóta.

Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar á föstudag létu fulltrúar ESB sér nægja að upplýsa að bannið væri til skoðunar.

Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands í viðræðum um makrílveiðar, segir við Fréttablaðið að þrátt fyrir að ekkert bann sé í gildi séu slíkar hugmyndir í samræmi við lög.

TÓMAS H. HEIÐAR Samningamaður Íslands í makríldeilunni.

„Samkvæmt íslenskum lögum er erlendum skipum, sem stunda veiðar úr sameiginlegum fiskistofnum sem ekki er samkomulag um stjórnun á, óheimilt að landa afla úr slíkum stofni í íslenskum höfnum. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við EES-samninginn og sams konar ákvæði er að finna í norskum lögum."

Telja íslensk stjórnvöld því ekki tilefni til viðbragða komi til þess að ESB beiti sams konar reglum. Ísland sé hins vegar reiðubúið til að setjast að nýju að samningaborðinu og leysa málið. - þj

Hálka á Reykjanesbraut:

Tíu á slydadeild eftir tvö bílslys

SLYS Tíu voru fluttir á sjúkrahús eftir tvö umferðarslys sem urðu með stuttu millibili á Reykjanesbraut á laugardag.

Enginn slasaðist þó alvarlega og voru aðeins þrjú á slysadeild yfir nótt. Mikil hálka varð til þess að tvær bifreiðar rákust saman við Hvassahraun og skömmu síðar hafnaði bifreið utan vegar á Strandarheiði. Sú fór þrjár veltur en í bílnum var vanfær kona og eins árs gamalt barn, sem sluppu giftusamlega án verulegra meiðsla úr slysinu. - þj

Sjö náttúruverndarsamtök:

Fagna afstöðu Landsvirkjunar

UMHVERFISMÁL Sjö umhverfis- og náttúruverndarsamtök á Íslandi fagna ábyrgri afstöðu Landsvirkjunar, sem hefur lýst því yfir að ekki verði ráðist í rannsóknarboranir í Gjástykki fyrr en ákvörðun um friðlýsingu svæðisins hefur verið tekin.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum Eldvötnum, Framtíðarlandinu, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Austurlands og Suðurlands, Náttúruverndarsamtökum Íslands og Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi. Þar segir einnig að svæðið sé einstakt á heimsvísu. Brýnt sé að umhverfisráðuneytið ljúki við friðlýsingu Gjástykkis hið fyrsta.

Gjástykki er eitt af fjórum svæðum í Þingeyjarsýslu sem Landsvirkjun hefur haft til skoðunar. - þeb

ÁNÆGÐUR VEIÐIMAÐUR Þessi bleikja veiddist í Flateyjardal.

Rannsaka áhrif hlýnunar:

Hvernig reiðir sjóbleikju af?

UMHVERFISMÁL Veiðimálastofnun mun í samvinnu við Matís taka þátt í norrænni rannsókn á áhrifum loftlagsbreytinga á ferskvatnsfiska.

Á vef Veiðimálastofnunar segir að rannsóknin muni einkum beinast að bleikju. Vísbendingar séu um að hlýnun geti haft áhrif á tegundina. Samstarfsaðilar eru bæði í Noregi og Svíþjóð, en einnig koma að verkefninu vísindamenn í Skotlandi og Kanada. - gar

Segir ekki þörf á sérstakri rannsókn

Innanríkisráðherra mun ekki verða við kröfum hóps sem vill að rannsóknarnefnd fari yfir ferli nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins. Ráðherrann tekur skilaboðunum alvarlega og vill að brotalamir í kerfinu verði skoðaðar.

DÓMSMÁL „Ég tek þessi skilaboð mjög alvarlega," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, spurður um áskorun hóps fólks um að gerð verði ýtarleg rannsókn á ferli nauðgunarmála í íslenska réttarvörslukerfinu.

„Ég vil láta skoða, og skoða sjálfur, hugsanlegar brotalamir í okkar réttarvörslukerfi hvað þennan þátt snertir, og tek undir að kerfið á að þjóna þeim sem beittir eru órétti," segir Ögmundur.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu síðastliðinn miðvikudag skorar hópur fólks á ráðherrann að skipa rannsóknarnefnd til að kanna hæfi kerfisins til að taka á nauðgunarmálum.

Benda nítjánmenningarnir sem skrifa undir greinina á að fáum nauðgunarmálum ljúki með ákæru. Þeir segja algengt að mál séu felld niður áður en til ákæru komi. Það sé vísbending um brotalöm í meðferð þeirra mála í réttarvörslukerfinu.

„Það er vilji til að ræða þessi mál innan kerfisins hjá ábyrgum aðilum sem þar eru starfandi," segir Ögmundur. Hann segir þó ekki þörf á sérstakri rannsókn, eins og nítjánmenningarnir fara fram á.

„Það er mikilvægast að hefja umræðu um þessi mál," segir Ögmundur. Lausnin byggist ekki á rannsóknarskýrslum heldur viljanum til að taka á því sem augljóst sé; að það séu óþægilega fáar kærur sem leiddar séu til lykta í réttarvörslukerfinu.

„Við þurfum að skoða þetta, en erum fullfær um að gera það sjálf," segir Ögmundur. Hann bendir á að umræða um þessi mál sé þegar í gangi, og henni verði haldið áfram. Ögmundur segir vandann ekki bundinn við Ísland, sambærilegar brotalamir séu í nánast öllum ríkjum. brjann@frettabladid.is

ÖGMUNDUR JÓNASSON Innanríkisráðherra segir vandann ekki bundinn við Ísland því sambærilegar brotalamir séu í nánast öllum ríkjum.

Óeðlileg ummæli en Björgvini treyst

Í áskorun nítjánmenninganna eru tekin dæmi um tvo menn í lykilstöðum við rannsókn og saksókn kynferðisbrotamála sem hafa tjáð sig um málaflokkinn í fjölmiðlum. Það er annars vegar Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari og hins vegar Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Nítjánmenningarnir segja ummæli þeirra lýsa fordómum og þekkingarleysi á stöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum. Þrátt fyrir það hafi ummæli þeirra ekki haft varanlegar afleiðingar. Björgvin var raunar færður til í starfi að eigin ósk, en tók aftur við starfi yfirmanns kynferðisbrotadeildar þremur mánuðum síðar að ósk lögreglustjóra.

„Hann tók þetta alvarlega og sýndi í verki með því að víkja að þessi ummæli voru ekki eðlileg," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, spurður um mál Björgvins. Ögmundur segist sammála því að ummæli Björgvins hafi verið óeðlileg. Hann hafi þó verið beðinn um að taka aftur við starfinu, enda njóti hann mikils trausts vegna starfa sinna innan lögreglunnar. Dæma verði Björgvin af störfum sínum.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vildi ekki tjá sig um mál Björgvins þegar eftir því var leitað. Hann vildi ekki svara því hvort staða Björgvins sem yfirmanns kynferðisbrotadeildar hafi áhrif á trúverðugleika lögreglunnar í þeim málaflokki eftir það sem á undan er gengið.

Stefán vísaði til þess að áskorun nítjánmenninganna hafi verið beint að innanríkisráðherra, og eðlilegt að ráðherrann svari því en ekki lögreglustjóri.

Átta prósenta atvinnuleysi var á landinu í síðasta mánuði :

12.745 án atvinnu í desember

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi mældist 8 prósent á landinu í desember og jókst þar með um 0,3 prósentustig frá nóvember. Það þýðir að 12.745 manns voru án atvinnu að meðaltali. Til samanburðar var atvinnuleysi 8,2 prósent í desember 2009.

Í tölum Vinnumálastofnunar kemur auk þess fram að hærra hlutfall karla er án atvinnu, eða 8,5 prósent, á meðan hlutfallið er 7,3 prósent hjá konum.

Atvinnuleysi er 8,5 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 7 prósent á landsbyggðinni. Mælt eftir landshlutum var það mest á Suðurnesjum, eða 13,1 prósent, en minnst á Norðurlandi vestra, 3,1 prósent.

Lítilsháttar aukning var á langtímaatvinnuleysi þar sem þeim sem hafa verið atvinnulaus í meira en sex mánuði fjölgaði um 20 manns og eru nú rúmur helmingur allra atvinnulausra. Alls hafa 4.649 manns verið án atvinnu í eitt ár eða meira.

Alls voru 2.177 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok desember, og þar af voru langflestir frá Póllandi.

Vinnumálastofnun áætlar að atvinnuleysi aukist lítið eitt í þessum mánuði – verði á bilinu 8,3 til 8,5 prósent til samanburðar við 9 prósent á síðasta ári. - þj

VINNANDI MENN Hlutfallslega eru fleiri karlar en konur atvinnulausir.

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU

Sérfræðinám

Vorönn 2011

» MCITP Windows 2008 Server

MCITP námið undirbýr fyrir alþjóðlegar vottanir kerfisstjóra í Windows 2008 netstýrikerfum.

MCITP Server Administrator 2008 og
MCTS Exchange Server 2010.

Námsbrautin skiptist í fjóra áfanga:

- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server 2008 Infrastructure Services (70-642)
- Windows Server 2008 Server Administrator. (70-646)
- Windows Exchange Server 2010 (70-662)

Þegar komið er út á vinnumarkaðinn er mikilvægt að hafa hagnýta reynslu af viðfangsefninu. Þátttakendum er því gefinn kostur á að takast á við þriggja daga lokaverkefni úr námsefni annarinnar.

Boðið er upp á MCITP með og án Exchange 2010
MCITP – Lengd 195 std. Verð kr. 299.000.-
MCITP + Exchange 2010 – Lengd 250 std. Verð kr. 398.000.-

Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka úr hverjum áfanga.

Hefst 26. og 27. janúar. Dag og kvöldbekkir í boði.
ATH! þeir sem skrá sig fyrir 24. janúar fá frítt á ráðstefnuna
„Ert þú næsta fórnarlamb tölvuhakkara" sem verður haldin 10. febrúar.
Sjá nánar: www.tolvuskolinn.is

Tölvuviðgerðir - Comptia A+ «

Eftirsótt og gagnleg alþjóðleg prófgráða frá CompTIA. Þetta nám hentar þeim sem vilja fá betri skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies)

A+ þekking er mjög góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Hefst 25. janúar - Lengd 50 std. Verð 99.000.-

Önnur sérfræðinámskeið framundan «

- Microsoft System Center Configuration Manager. Hefst 28. mars
- Basic administration in Citrix XenAppserver 6.0 Hefst 24. janúar
- .NET 3.5 forritunarnám þegar þér hentar. Hefst 9. febrúar
- Exchange Server 2010. Hefst 14. mars
- Microsoft System Center Operation Manager. Hefst 2. maí

Sjá nánar á vefnum okkar www.tsk.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

Cisco Námskeið - CCNA «

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda.
Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

Lengd: 85 std Verð kr. 289.000,-
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

Hefst 15. feb .
ATH! þeir sem skrá sig fyrir 6. febrúar fá frítt á ráðstefnuna
„Ert þú næsta fórnarlamb tölvuhakkara" sem verður haldin 10. febrúar.
Sjá nánar: www.tolvuskolinn.is

MCTS Kerfisstjórnun - grunnur «

Hér er um að ræða nýtt námskeið sem er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa en ekki síður sem grunnur fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.

Námið samanstendur af:

- Innleiðing og stjórnun á Windows Small Business Server 2008 (50 stundir)
- Uppsetning og rekstur á Windows 7 stýrikerfinu (30 stundir)
- Nethögun, uppsetning, stilling og bilanagreining netkerfa (15 stundir)
- Hópaskipt raunverkefni í lok námskeiðs (15 stundir)

Hefst 1. mars - Lengd: 110 std.
Verð kr. 149.000



CompTIA. Cisco Systems Microsoft SQL Server 2008

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað áforma mörg erlend flugfélög að fljúga hingað til lands í sumar?*

2 *Hvaða bandarísk stórfyrirtæki hefur stofnað fyrirtæki hér á landi?*

3 *Hvar úti í heimi eru íslenskir flugumferðarstjórar eftirsóttir?*

SVÖR

1. Að minnsta kosti eitt. 2. Bandarísku fyrirtækin Google. 3. Í Írak.

Unnið að því að leysa vanda nemenda eftir að námsbraut þeirra var lögð niður:

Nemendur eru enn í óvissu

MENNTAMÁL Enn er óljóst hvort nemendur í útstillingum við Iðnskólann í Hafnarfirði fái að ljúka námi sínu við skólann. Þeir fengu að vita rétt fyrir jól að til stæði að leggja niður nám þeirra um áramót.

„Það eru fimm nemendur sem stefndu á að ljúka námi í vor og við vinnum nú með þeim að því að þeir fái að ljúka útstillinganáminu," segir Ársæll Guðmundsson, nýr skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði. Hann svaraði fyrirspurn menntamálaráðuneytisins vegna málsins fyrir helgi. Þeir níu nemendur sem hófu nám í útstillingum í haust fá ekki að ljúka náminu eins og þeir stefndu að, segir Ársæll. Hann segir ekki forsvaranlegt að halda útstillinganáminu áfram með svo fáum nemendum í ljósi fjárhagsstöðu skólans. Nemendurnir fimm sem reiknuðu með að útskrifast í vor bíða enn svara. „Við erum orðin ansi þreytt á að bíða, við erum búin að vera í óvissu síðan fyrir jól," segir Sigríður Jóhannsdóttir, einn nemendanna.

ÚTSTILLINGAR Nemendur við útstillingabraut læra til dæmis að stilla út vörum í verslunarglugga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hún segir óljóst hvernig eigi að vera hægt að ljúka náminu með sómasamlegum hætti, enda hafi eina kennaranum við brautina verið sagt upp störfum. „Við erum ekki að gefast upp þeir verða bara að finna einhverja leið til að það geti gerst," segir Sigríður. - bj

Borgarstjóri afhendir bréf:

Hvetur til samvinnu að friði

REYKJAVÍK Jón Gnarr mun afhenda öllum fulltrúum erlendra ríkja, sem sækja hann heim, bréf þar sem ríkisstjórnir eru hvattar til þess að vinna að friði.

Í bréfinu hvetur borgarstjórinn stjórnvöld til að vinna saman í friðarmálum og að afnámi dauðarefsinga. Afnám dauðarefsinga sé eitt þeirra mannréttindamála sem Reykjavík leggi áherslu á. Þá segir Jón að alþjóðleg samstaða sé nauðsynleg til þess að heimurinn verði að stað þar sem hvert líf sé heilagt og verndað. Það sé skylda gagnvart komandi kynslóðum. - þeb

Aldrei fleiri komur í Kvennaathvarfið

Skráðar komur í Kvennaathvarfið árið 2010 hafa aldrei verið fleiri en í fyrra. Konurnar voru 375 talsins og var aldursskipting frá 17 og upp í 70 ár. Allar voru að flýja ofbeldi í nánum samböndum. 36 prósent voru af erlendum uppruna.

SAMFÉLAGSMÁL Aldrei hafa verið skráðar fleiri komur í Kvennaathvarfið en í fyrra í 28 ára sögu athvarfsins. Skráðar komur árið 2010 voru 864 en voru 605 árið 2009. Alls leituðu 375 konur í athvarfið, 118 í dvöl en 257 í viðtöl. Með dvalarkonum komu 54 börn. Þá voru einnig starfræktir fjórir sjálfshjálparhópar. Allar konurnar voru að flýja ofbeldi í nánum samböndum.

Meðalaldur kvennanna var 37 ár, en aldursbilið var á milli 17 og 70 ára. Börnin voru frá nokkurra vikna gömlum upp í 17 ára.

36 prósent kvennanna voru af erlendum uppruna. Konurnar voru flestar að flýja ofbeldi af hendi íslenskra karla. Hlutfall erlendra kvenna sem dvöldu í athvarfinu var 64 prósent.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, segir starfsemina munu halda áfram á sömu braut, en fjölgun viðtala og áframhaldandi þróunarstarf með sjálfshjálparhópa var meðal verkefna ársins.

„Nú eru fleiri konur að koma í viðtöl og það virðist nýtast þeim vel," segir Sigþrúður. „En það stingur í augu að slíkur fjöldi kvenna og barna þurfi enn að flýja heimili sín vegna ofbeldis á meðan ofbeldismaðurinn situr óáreittur heima."

Konurnar dvöldu í allt frá einum degi upp í 86 daga. Konur með börn dvöldu að jafnaði lengur en barnlausar konur, eða í 18 daga að meðaltali. 30 prósent kvennanna fóru aftur heim í óbreyttar aðstæður.

Í um það bil helmingi tilfella er ofbeldismaðurinn eiginmaður eða sambýlismaður en þriðjungur fyrrverandi maki. Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 16 til 70 ára. Einungis 13 prósent kvennanna höfðu kært ofbeldið til lögreglu og er það lægra hlutfall en undanfarin ár. Í fyrra voru 17 prósent tilfella kærð og árið 2009 voru það 20 prósent.

SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTÝRA 36 prósent kvennanna sem leituðu til athvarfsins í fyrra voru af erlendum uppruna. Átján prósent komu frá löndum utan EES. Flestir ofbeldismennirnir voru þó íslenskir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það stingur í augu að fjöldi kvenna og barna þurfi enn að flýja heimili sín vegna ofbeldis á meðan ofbeldismaðurinn situr óáreittur heima.
>
> **SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTÝRA

Skráðar komur í athvarfið

Ár	Fjöldi kvenna
2005	557
2006	712
2007	470
2008	549
2009	605
2010	864

Í nýlegri rannsókn sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd gerði fyrir Félags- og tryggingaráðuneytið sögðust tæplega 4 prósent kvenna hafa lent í einhvers konar ofbeldi síðastliðna 12 mánuði. Í ljósi þess má reikna með að konurnar sem leita í Kvennaathvarfið séu afar lítill hluti kvenna sem búa við ofbeldi á Íslandi. sunna@frettabladid.is

Skógræktarfélag Íslands svarar umhverfisráðuneytinu:

Kannast ekkert við samráð

UMHVERFISMÁL „Umhverfisráðuneytið heldur því fram að samráð hafi verið haft við Skógræktarfélag Íslands við undirbúning frumvarps að breytingum á lögum um náttúruvernd," segir í athugasemd sem Skógræktarfélagið hefur sent frá sér og kveðst ekki kannast við neitt samráð.

Félagið bendir á að þáverandi formaður nefndar umhverfisráðherra um heildarendurskoðun laganna hafi sent tölvupóst til framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands um það bil hálfu ári eftir skipun nefndarinnar. Áfangaskýrsla nefndarinnar hafi ekki fylgt bréfinu né upplýsingar um störf nefndarinnar eða þá stefnubreytingu sem málið tók í meðförum hennar. Engu að síður hafi verið kallað eftir ábendingum.

„Þann 14. desember síðastliðinn tilkynnir Umhverfisráðuneytið að „drög að frumvarpi til laga um breytingar á náttúruverndarlögum" sé opið til umsagnar til 7. janúar. Þar er gert opinbert í fyrsta skipti að í stað heildarendurskoðunar náttúruverndarlaga er fram komið tilbúið frumvarp til breytinga á nokkrum greinum laga um náttúruvernd," segir Skógræktarfélagið enn fremur og telur allt tal um samráð „innantómt orðagjálfur". - jss

SAMRÁÐ UM SKÓGRÆKT Skógræktarfélag hafnar því að samráð hafi verið haft um drög að endurskoðuðum náttúruverndarlögum.



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53016 01/11

ÍBS ICELANDAIR STYÐUR LANDSLIÐIN
Á blíðu og stríðu

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

5 NÝIR OG SPENNANDI ÁFANGASTAÐIR:

ALICANTE
WASHINGTON
HAMBORG
GAUTABORG
BILLUND

NÝJAR SLÓÐIR, NÝ TÆKIFÆRI
Fátt er skemmtilegra en að prófa eitthvað nýtt, kynnast nýjum stöðum og nýju fólki. Þess vegna borgar sig að skoða nýju áfangastaðina sem Icelandair flýgur til í vor og sumar og fram á haust.

NÝIR STAÐIR, NÝ UPPLIFUN
Við byrjum að fljúga í Spánarsólina á Alicante í apríl. Í maí og byrjun júní tökum við flugið til Washington, höfuðborgar Bandaríkjanna, Hamborgar í Þýskalandi, Gautaborgar í Svíþjóð og Billund í Danmörku.

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR LÍFINU Í SUMAR!

+ Bókaðu ferð á nýjan áfangastað á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

HÆTT KOMNIR Tveir kóalabirnir voru hætt komnir í flóðunum í Ástralíu. Þeim var hins vegar bjargað úr tré nærri Brisbane. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlegt mót 5.000 skáta:

Stórt skátamót

FÓLK Alþjóðlegt skátamót verður haldið á Íslandi sumarið 2017. Heimsþing skáta ákvað þetta á fimmtudag.

Mótið heitir World Scout Moot og er stærsta skátamót sem haldið er fyrir 18 til 25 ára skáta. Það er haldið á fjögurra ára fresti. Að sögn Braga Björnssonar skátahöfðingja er þetta mikil viðurkenning fyrir íslenska skáta. Það muni vonandi laða hingað um 5000 skáta frá öllum heimshornum. - þeb

Hvattir áfram á Evrópuþingi

Evrópuþingmenn segja að Íslendingar eigi ekki að gefa eftir í sjávarútvegsmálum. Ekki sé hægt að ætlast til þess að þjóðin taki upp alla sjávarútvegsstefnu ESB. Áhyggjur af sambandi Íslands við Rússland.

EVRÓPUMÁL Íslendingar ættu að halda áfram að veiða hval og stjórna eigin fiskveiðum. Þeir eiga ekkert að gefa eftir í þessum efnum í komandi aðildarviðræðum.

Þetta kom fram í máli nokkurra Evrópuþingmanna á opnum fundi sem utanríkismálanefnd Evrópuþingsins stóð fyrir í Brussel á fimmtudag. Fundurinn fjallaði um aðildarferli Íslands og áskoranir tengdar því. Frá Íslandi ávarpaði fundinn Baldur Þórhallsson prófessor ásamt Nikulási Hannigan úr utanríkisráðuneytinu og Alyson Bailes úr Háskóla Íslands, sem fjallaði um öryggismál.

BALDUR ÞÓRHALLSSON

„Ég bjóst við hvössum spurningum en Evrópuþingmennirnir reyndust bara mjög miklir stuðningsmenn aðildar Íslands," segir Baldur.

Breskur þingmaður, Dr. Charles Tannock, gerði hvalveiðar að umræðuefni, segir Baldur, og hvatti Íslendinga ekki bara til að halda þeim áfram heldur til að fá hvalveiðar flokkaðar undir sjávarútvegsmál frekar en umhverfismál, eins og þær eru flokkaðar í dag hjá ESB.

„Svo var þarna portúgölsk þingkona, Comes að nafni, sem vill að Íslendingar fái að ráða sem mestu í sjávarútvegsmálum, enda telur hún að við séum sú þjóð sem best hefur staðið sig í þeim málum. Hún vill að við stöndum föst á okkar og gefum ekkert eftir í viðræðum," segir Baldur.

Þingmaður frá Rúmeníu, Cristian Dan Preda, sem situr í sameiginlegri þingmannanefnd Alþingis og Evrópuþingsins, hafi haft áhyggjur af nánu sambandi íslenskra stjórnvalda (forseta Íslands) við Rússland og Kína. Hvort þetta meinta samband myndi fylgja þjóðinni inn í sambandið, þannig að Íslendingar yrðu sérstakir bandamenn Rússa og minntist Dan Preda á norðurheimskautið í því sambandi.

Fundurinn er liður í stefnumótun Evrópuþingsins gagnvart aðildarviðræðum Íslands og ESB, sem eiga að hefjast síðar á árinu.

FRÁ EVRÓPUÞINGINU Þingmenn Evrópuþingsins eru kosnir beinni kosningu af borgurum Evrópusambandsins til fimm ára í senn. Völd þingsins voru áður lítil en hafa aukist jafnt og þétt. AFP/NORDICPHOTOS

Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB vegna aðildarviðræðnanna, Alexandra Cas Granje, tók til máls og Baldur segir að hún hafi fengið gagnrýnin tilsvör frá þingmönnum, sem hafi meðal annars sagt henni að ekki væri hægt að ætlast til þess af Íslendingum að þeir tækju upp alla sjávarútvegsstefnu ESB.

klemens@frettabladid.is

VERKSMIÐJAN SKOÐUÐ Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var viðstaddur opnun nýrrar verksmiðju Actavis í gær.

Ný verksmiðja Actavis vígð:

Verður í gangi dag og nótt

FYRIRTÆKI Ný lyfjaverksmiðja Actavis í Hafnarfirði var formlega tekin í notkun í gær.

Framleiðslugeta Actavis hér á landi eykst við þetta um helming, eða úr einum milljarði taflna á ári í einn og hálfan milljarð. Hjá Actavis hér starfa sjö hundruð manns. Starfsfólki var fjölgað um hundrað í fyrra, þar af um sjötíu vegna verksmiðjunnar sem vígð var í gær. Heildarkostnaður við byggingu hennar nam 1,2 milljörðum króna.

Lyfjaverksmiðjur Actavis eru fjórtán í tólf löndum. Hjá fyrirtækinu öllu vinna tíu þúsund manns í meira en fjörutíu löndum. **- jab**

Breskt orkufyrirtæki tekur í nokkur ár yfir Orkustöð OH á Hrísmóum:

Hvorki framsal né sala

IÐNAÐUR Áætlanir Orkuveitu Húsavíkur (OH) og breska orkufyrirtækisins Global Geothermal Limited (GGL) ganga út á að síðarnefnda fyrirtækið yfirtaki tímabundið Orkustöð OH á Hrísmóum við Húsavík.

GUÐRÚN ERLA JÓNSDÓTTIR

Raforkuframleiðsla í orkustöðinni hefur legið niðri síðan í ársbyrjun 2008. Hún hófst árið 2000 og var sú fyrsta í heiminum til þess að framleiða rafmagn með svokallaðri kalínatækni, sem GGL hefur einkaleyfi á.

Guðrún Erla Jónsdóttir, framkvæmdastjóri OH, áréttar að samningurinn feli hvorki í sér framsal á auðlindum né sölu á eignarhlut í OH, en tryggi að reynt verði að gera við stöðina án fjárhagslegrar áhættu OH. Þá segir hún yfirtökutíma GGL talinn í árum, en ekki áratugum, en síðan leysi OH stöðina til sín á ný. Endurinnlausnarverðið segir Guðrún ekki liggja fyrir, en áréttar að GGL sitji ekki uppi með tekjur af rekstri stöðvarinnar, þær gangi upp í kostnað við enduruppbyggingu hennar.

ORKUSTÖÐIN HRÍSMÓUM Hér var milli 2000 og 2008 framleitt rafmagn með kalínatækni úr 121 gráðu heitu vatni. MYND/GLOBAL GEOTHERMAL LIMITED

Takist GGL ekki verkefnið þarf OH ekki að taka við stöðinni aftur.

Samningurinn er háður samþykki nefndar um erlenda fjárfestingu. Unnur G. Kristjánsdóttir, formaður nefndarinnar, segir erindið nýkomið, en farið verði í að staðfesta að GGL sé fyrirtæki með staðfesturétt á Evrópska efnahagssvæðinu. „Ef einhver vafi leikur á tekur þetta tíma. Ef þetta er enginn vafi erum við fljót að þessu," segir Unnur. **- óká**

KRAFTAVERK Jóhannes Páll páfi II. var með parkisonsveiki. Frönsk nunna sem haldin var sama sjúkdómi læknaðist stuttu eftir andlát páfa.

Staðfesta kraftaverk páfa:

Skref á leiðinni í dýrlingatölu

VATÍKANIÐ Benedikt páfi XVI. hefur formlega staðfest að forveri hans á páfastóli hafi gert kraftaverk. Staðfestingin er fyrsta skrefið í að koma Jóhannesi Páli páfa II. í dýrlingatölu, að því er BBC segir frá.

Kraftaverkið sem honum er eignað er að hafa læknað nunnu af parkinsonsveikinni.

Franska nunnan Marie Simon-Pierre, sem er á fimmtugsaldri, segir parkinsonsveikina hafa horfið um tveimur mánuðum eftir dauða páfa árið 2005, en hún og aðrar nunnur hafi beðið til hans. Læknar kaþólsku kirkjunnar telja enga aðra skýringu en kraftaverk koma til greina. **- bj**

Það borgar sig að byrja strax að spara

Það getur munað mjög miklu að eiga viðbótarlífeyrissparnað þegar þú ferð á eftirlaun. Því fyrr sem þú byrjar að spara og safna, því betra. Þá byrja peningarnir þínir fyrr að safna vaxtavöxtum – og inneign þín verður þeim mun meiri við starfslok.

Gakktu strax frá sparnaðinum hjá eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka á Kirkjusandi eða í næsta útibúi.

Því fyrr – því betra



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4900

Íslandsbanki

skoðun

greinar@frettabladid.is

Almenningssamgöngur í vítahring sem verður að rjúfa.

Þjóð í stálkápu

Umræðan um samgöngumál hér á Íslandi hefur nánast alfarið snúist um vegakerfið. Einhvern veginn er það svo að í hugum flestra þá tekur hugtakið samgöngur fyrst og fremst til þess hversu greiðlega gengur að komast með einkabíl frá einum stað til annars, hvort heldur milli byggðarlaga og landshluta eða innan byggðarlaga. Og það auðvitað ekki furða í landi sem hefur einn stærsta flota einkabíla í heimi miðað við höfðatölu, það er óvíða á byggðu bóli færra fólk á hvern einkabíl en hér á landi.

Almenningssamgöngur eiga verulega undir högg að sækja. Í raun má segja að í almenningssamgöngum sé vítahringur í gangi; lítil eftirspurn sem leiðir til stopulla ferða og hás verðs sem svo aftur leiðir til enn minni eftirspurnar o.s.frv. Þetta er háalvarleg þróun og ef svo heldur fram sem horfir þá blasir við samfélag þar sem almenningi er nánast ókleift að komast milli staða, hvort heldur sem er stuttar eða langar vegalengdir, án þess að hafa einkabíl til ráðstöfunar. Slík staða er ekki aðeins fjandsamleg íbúum landsins heldur alsendis óforsvaranleg bæði út frá umhverfis- og skipulagssjónarmiði.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kveður á um að á kjörtímabilinu, sem er hálfnað eftir fáeina mánuði, eigi að vinna áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin. Markmið þeirrar áætlunar er að draga úr þörf fyrir einkabíl. Stefnt er að því að almenningssamgöngur um allt land verði stórefldar auk þess sem fólki verði auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Einnig eiga almenningssamgöngur að verða sjálfsagður hluti samgönguáætlunar.

Í innanríkisráðuneytinu hefur farið fram talsverð upplýsingasöfnun og framtíðarstefnumótun um almenningssamgöngur, meðal annars í tengslum við samgönguáætlun til tólf ára sem lögð verður fram í mars. Fram kemur í upplýsingum frá ráðuneytinu að nýting almenningssamgangna hafi aldrei verið jafn lítil og undanfarin ár; að í 26 af 36 styrktum rútuleiðum á landinu séu að jafnaði færri en þrír farþegar í hverri ferð og í tíu af þessum 36 leiðum sé að jafnaði innan við einn í hverri ferð. Nýting á styrktum flug- og ferjuleiðum er einnig langt undir flutningsgetu. Talið er að þessi lélega nýting skrifist meðal annars á skipulagsleysi og skort á samhæfingu milli leiða en að auki sé verð þjónustunnar svo hátt að einkabíll sé í mörgum tilvikum hreinlega vænlegri kostur en sá að nýta almenningssamgöngur.

Síðasta aðgerð Reykjavíkurborgar varðandi strætó er síst til að rjúfa þann vítahring sem almenningsvagnar á höfuðborgarsvæðinu eru í. Stórleg hækkun stakra fargjalda fælir sérstaklega frá þá notendur sem vilja eiga kost á að nota strætó á móti einkabíl. Þetta bætist ofan á stöðuga fækkun ferða vagnanna.

Til þess að snúa við blaðinu varðandi almenningssamgöngur á Íslandi þurfa ekki aðeins að koma til verulegar úrbætur á þessum samgöngum frá hendi stjórnvalda heldur einnig hugarfarsbreyting meðal almennings. Það er jú lítið vit í því að hver og einn borgari fari allra sinna ferða í yfirhöfn úr stáli sem bæði mengar með útblæstri og þekur nokkra fermetra. Slíkt getur ekki gengið til frambúðar. Það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt og umhverfið ber það ekki.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Traustur en óheppinn

Yngvi Örn Kristinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, þykir með hæfustu hagfræðingum landsins. Eitt af mestu feilsporum hans síðari ár mun hafa verið að hætta ekki í Landsbankanum þegar uppsveiflan var sem mest. Yngvi er sagður hafa sett fyrirvara við ýmsar lánveitingar bankans. Á endanum var gengið fram hjá manninum, sem taldist vera með leiðindi þegar partýið stóð sem hæst og hann gerður hornreka. Þegar bankarnir voru svo farnir á hliðina tók ekki betra við. Yngvi gagnrýndi óhræddur Seðlabankann, sem hann sagði hafa hæglega getað beitt sér gegn miklum vexti fjármálageirans. Þetta var þvert á það sem Seðlabankinn hélt fram um skeið. Allt hefur þetta komið í bak Yngva, sem var kallaður til yfirheyrslu hjá sérstökum saksóknara í síðustu viku auk þess sem menn innan Seðlabankans kunna honum litlar þakkir fyrir gagnrýnina.

Verkfallsrétturinn

Til tíðinda gæti dregið á fundi Starfsgreinasamband Íslands í dag þar sem rædd verður stefna í kjaraviðræðum. Fyrir utan kergju um samræmda launastefnu getur skipt sköpum fyrir sum aðildarfélög að vísa deilum við atvinnurekendur til ríkissáttasemjara þar sem með því fengist réttur til verkfalla. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggja tvö eða þrjú fjölmenn og sterk félög, sem hafa starfsfólk bræðsluverksmiðja innan sinna raða, mikla áherslu á að deilunni verði vísað til ríkissáttasemjara því að verkfallsréttur í aðdraganda vertíðar gæti gefið þeim áhrifarík vopn í baráttunni. Fari svo að ekki verið leitað á náðir sáttasemjara má leiða líkum að því að leiðir mun skilja og a.m.k. þessi tvö eða þrjú félög fara sínar eigin leiðir.

jonab@frettabladid.is
thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR

Fjölskylduvænt samfélag

Kjara-samningar

Elín Björg Jónsdóttir
Höfundur er formaður BSRB

Viðræður um kjarasamninga eru nú að komast á skrið eftir hlé yfir hátíðarnar. BSRB hefur kynnt viðsemjendum sínum þau verkefni sem bandalaginu hafa verið falin af aðildarfélögunum til að fara með fyrir hönd þeirra. Samningsrétturinn sjálfur er enn sem fyrr hjá aðildarfélögunum.

Nokkur umræða hefur orðið um kröfu BSRB um 36 stunda vinnuviku. Um gamalt baráttumál bandalagsins er að ræða og ályktaði 42. þing þess til að mynda um málið árið 2009. Að baki hugsuninni liggur krafa um fjölskylduvænna samfélag líkt og við þekkjum á hinum Norðurlöndunum. Síðast þegar BSRB fór fram með þessa kröfu var viðkvæðið að hér væri skortur á vinnuafli. Nú er lag, því ekki er lengur vöntun á fólki til starfa, heldur þvert á móti. Ef við ætlum okkur að byggja upp velferðarsamfélag verðum við að huga að fjölskylduvænni vinnumenningu. Það verður ekki gert nema með styttri og sveigjanlegri vinnutíma.

Lífeyrismálin eru einnig á borði BSRB. Forsvarsmenn verkalýðsfélaga á almenna markaðnum hafa undanfarið krafist sömu lífeyrisréttinda fyrir sína félagsmenn og opinberir starfsmenn búa við. Það er vel, allir eiga að búa við tryggan lífeyri. Opinberir starfsmenn hafa sætt sig við lægri laun en fólk á almenna vinnumarkaðnum, meðal annars vegna betri lífeyrisréttinda, en eigi að jafna þau hlýtur að eiga að jafna launin einnig. BSRB væntir stuðnings frá þeim sömu forystumönnum í baráttunni fyrir því að jafna launakjör á almenna og opinbera markaðnum. Lífeyrisréttindi eru hluti kjarasamninga og eru því samningsbundin, líkt og laun.

Í því árferði sem við búum við er mikilvægt að semja sem fyrst svo að heimilin í landinu sjái hver launaþróunin verður. Það er á ábyrgð okkar í verkalýðshreyfingunni og viðsemjenda okkar að eyða þeirri óvissu eins fljótt og hægt er og stuðla að því að leiðrétta þá kaupmáttarskerðingu sem orðið hefur undanfarin ár.

Sameiginleg vinna aðila vinnumarkaðarins hefur orðið til þess að nú er lag til að ná samningum sem eru íslensku þjóðfélagi til heilla. Samningum sem koma okkur upp úr hjólförum stöðnunar og dróma. Samningum sem stuðla að festu í efnahagslífinu og leiðrétta kaupmátt launafólks. Það er okkar verkefni.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Við erum ekki feitir geltir

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Forstjóri N-1 er nú aftur kominn á þægilegri slóðir: farinn að útskýra fyrir okkur hvers vegna bensínverð muni hækka mikið á næstunni – mjög mikið – svo mikið að sérhver lækkun á hækkuninni verður eins og sérstakur greiði hans við okkur út af veglyndi hans og umhyggju fyrir okkur – feitu göltunum sem hann hyggst flá.

Fúsk í frelsinu

Eftir að hafa lent í herleiðingu út á ókunnar lendur hins frjálsa markaðar er hann nú snúinn aftur í öryggi einokunarinnar og maður finnur næstum áþreifanlega hvernig honum vex ásmegin með hverjum deginum: Hótanirnar um stórfelldar hækkanir verða sífellt óvægnari og skýringarnar vitna um endurheimt sjálfstraust – gamalkunnu skýringarnar: Hækkun á heimsmarkaðsverði; óhagstæð birgðastaða; hækkun dollarans; lækkun dollarans gagnvart yeni; hækkun dönsku krónunnar gagnvart lækkun dollarans gagnvart yeni; óhagstæð staða á innkaupajöfnunarreikningi gagnvart hækkun danska yensins gagnvart gengi dollars á ársgrundvelli; já og svo náttúrlega stórfelldar álögur ríkisins…

Hann er reynslunni ríkari. Eftir herleiðinguna. Engu var líkara en að hann hafi sjálfur verið farinn að trúa því að olíufélögin stundi raunverulega samkeppni og að allt gengi svo vel hjá félaginu vegna þess að það stæði sig svo vel í samkeppninni. Hann fór því að skima í kringum sig eftir frekari landvinningum á sviði samkeppninnar og fyrir honum varð bókaútgáfa, þar sem eru fremur lítil fyrirtæki með litla yfirbyggingu og ekki annað öryggi um að varningur þeirra seljist en vonin um að vel gert verk höfði til fólks. Enginn neyðist til að kaupa bók. Það eina sem fólk hefur upp úr því að kaupa bók er að verða einhverju nær um lífið og mennina.

Við megum samt ekki álasa bensínsölunum um of að láta sér yfirsjást þetta ótrygga eðli markaðskerfisins: þeir vita jafn lítið um hinn frjálsa markað og útrásarvíkingarnir vissu um útlönd þegar þeir ætluðu að leggja þau undir sig.

Við vitum öll hvernig fór. Þeir gáfu út tvær bækur sem báðar virtust nokkuð forvitnilegar og hafa eflaust verið prýðilegar. En sitja uppi með megnið af upplaginu af því að þeir vissu ekkert hvað þeir voru að gera. Forstjórinn hlær í viðtölum og segir skaðann ámóta og stolið sé frá félaginu árlega – sem segir sína sögu um þær upphæðir sem sá maður er vanur að sjá, þau verðmæti sem kynnu að sparast ef ríkti frjáls samkeppni á þessum markaði.

Feitir geltir eða fólk

Um það er hins vegar tómt mál að tala. Íslensk yfirstétt hefur gegnum tíðina mestanpart verið í áskrift að fjármunum launafólks – sem hefur mátt greiða nokkurs konar tíund til auðstéttarinnar fyrir bensín, tryggingar og aðrar nauðþurftir sem ýmist eru lögbundnar eða bundnar þeirri nauðung að hér í dreifbýli höfuðborgarsvæðisins er naumast um aðrar samgöngur að ræða en einkabílinn – að ógleymdu lénsfyrirkomulaginu við fiskveiðar. Reykjavík var á helstu uppbyggingarárum sínum stjórnað af bílasölum, bensínsölum og bílatryggingasölum sem höfðu hag af því að láta fólk aka sem mest um í sem flestum bílum. Þessi tegund sníkjulífis er enn í fullu gildi, því að eins og við vitum tókst Finni Ingólfssyni ekki aðeins að ná til sín mestallri lögbundinni bifreiðaskoðun í landinu heldur á hann líka heitavatnsmælana sem okkur er gert að hafa í húsum okkar. Sem þarf vitaskuld einhvers konar snilligáfu til að krækja í.

Nú kann það að vera rétt athugað hjá VG að það sé siðferðislega ámælisvert að aka um á einkabíl – svona hnattrænt og almennt séð – fyrir utan hvað það er hundleiðinlegt að húka í grárri bílaröð einhvers staðar í súldinni með ónýtar þurrkur og veðurfréttir á rás eitt, eurovisionlag á rás tvö og ekkert fútt lengur á Biblíustöðunum, miðað við hitt að sitja frjáls og áhyggjulaus í strætó og hlera kostulegar samræður eins og maður gerði þegar maður var unglingur.

Margt fólk er eflaust tilbúið að hætta þessum eilífa akstri út og austur. En þá verður ríkisstjórnin að gera okkur það kleift. Ekki bara líta á okkur sem feitan gölt að flá fyrir ríkissjóð með ámælisverðar samgöngur sem afsökun. Hér þarf byltingu. Krakkarnir þurfa að geta stokkið upp í strætó, sporvagn eða neðanjarðarlest til að fara í fiðlutíma eða á æfingu. Þetta er eitt af stóru verkefnunum: Að koma hér á almenningssamgöngum. Eftir það má skattleggja bensínið í botn. En ekki fyrr. Því þá – en ekki fyrr – er það að fara allra ferða sinna á einkabíl siðferðislega hæpið.

Og það má líka alveg gera eitthvað í þessu með íslenska kapítalismann. Mantran segir að þegar einkaframtakið geri eitthvað betur en almannavaldið skuli eftirláta einkaframtalinu það. En hvað um hitt sem almannavaldið gerir betur en einkaframtakið? Orka og hugkvæmni íslenskra kaupsýslumanna hefur farið í að finna krana að uppsprettulindum launafólks fremur en að búa til varning sem fólk vill kaupa. Allir aðrir en stækustu amxistar eru sammála um að ríkið eigi að annast heilsugæslu og skóla og aðra grunnþjónustu. En er bensínsala ekki líka grunnþjónusta eins og málum er háttað? Ætti ríkið ekki að reka sínar bensínstöðvar þar sem andvirðið rynni þá allt í ríkissjóð fremur en til manna sem sýnt hafa eftiminnilega að þeir kunna ekkert fyrir sér í samkeppnisrekstri?

Ríkisstjórnin þarf að muna: við erum ekki feitir geltir að flá. Við erum fólk sem berst um á hæl og hnakka.

Hverjir eiga Ísland?

Hrunið

Guðmundur Andri Skúlason
framkvæmdastjóri Borgarahreyfingarinnar og talsmaður Samtaka lánþega

Við, þessir almennu félagsmenn í þjóðríkinu Íslandi, stöndum stundum hálf hissa og göpum yfir því hvað mál geta tekið á sig furðulega mynd og óskynsamlega.

Við hrun Landsbankans varð ljóst að mögulegar bætur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda nægðu aldrei til að bæta tjón sparifjáreigenda. Í kjölfarið heyrðust svo sögusagnir af örvæntingu manna vegna áhrifa þess á íslenska banka í Lúxemborg. Öllu var tjaldað til að koma Kaupthing Luxembourg undan gjaldþroti og því var riggað upp díl og allt í einu var þetta Banque Havilland, a private bank for high net worth individuals.

Af hverju? Við greiðsluþrot nokkurra stórra eignarhaldsfélaga lögðu lífeyrissjóðir og bankar gríðarlega áherslu á að félögunum yrði forðað frá gjaldþroti með því að samþykkja nauðasamninga. Jafnvel með ærnum tilkostnaði.

Af hverju? Rétt eftir hrunið festi Seðlabanki Íslands gengisvísitölu krónunnar við 175 stig þó vísitalan hafi daginn áður fallið í 230 stig.

Af hverju? Já. – Af hverju?

Við upphaf bankakreppunnar var rætt um að bankakerfi heimsbyggðarinnar þyldi ekki að máttleysi svokallaðra innstæðutrygginga yrði opinberað því þá yrði gert áhlaup. Og vegna þess að bankar búa til peninga með því að lána meiri peninga en þeir fá í innlán, þá hefðu einungis örfá prósent innstæðna fengist útgreidd.

Því töldu menn gríðarlega mikilvægt að ná samkomulagi við íslenska ríkið um viðurkenningu á ábyrgð þess á innlánum Landsbankans. Var í því samhengi vísað til yfirlýsingar stjórnvalda um ótakmarkaða ábyrgð á innistæðum hérlendis. Ljóst er að kostnaður ríkissjóðs vegna slíkrar yfirlýsingar næmi hundruðum milljarða, ávinningurinn var hins vegar aðeins þeirra tveggja prósenta þjóðarinnar sem áttu innistæður umfram tíu milljónir.

Reyndar er líklegt að fjöldi erlendra banka hefði orðið fyrir áhlaupi ef spurst hefði út að skattgreiðendum bæri ekki lagaskylda til að vernda innistæður hinna ríkari.

Spekingarnir héldu að stjórnvöld bæði vestan hafs og austan væru búin að bjarga því sem þyrfti að bjarga með því að láta óbreytta skattgreiðendur leysa út tapið. En nú er að koma í ljós að 750 milljarða björgunarsjóður ESB sem öllu átti að redda var hvergi nærri nægjanlega stór. Írland er fallið, Grikkland og Portúgal standa tæpt og falli Spánn eða Ítalía þá er ljóst að evran er búin að vera og peningakerfi heimsins mun riða til falls.

Það eru því ekki hagsmunir hinna almennu borgara sem verið er að hugsa um þegar stjórnmálamenn leggja ofuráherslu á að við viðurkennum ábyrgð ríkisins á Icesave.

Það eru hagsmunir fjármagnsins sem menn eru að vernda. Þannig er hinum vinnandi einstaklingi enn eina ferðina fórnað til að viðhalda kerfi sem byggir upp stigvaxandi félagslegan og efnahagslegan ójöfnuð. Og hérlendis er það gert í nafni norrænnar velferðar. En fleira kemur til.

> Ef dótturfélög Kaupþings og Landsbankans í Luxemburg hefðu verið sett í eðlilega þrotameðferð, hefði lokinu verið svipt af ormagryfju fjárhagslegra tengsla og margt óþægilegt komið í ljós.

Hinn vinnandi Íslendingur berst í bökkum þó ekki verði á hann velt Icesave. Hann er upptekinn við að greiða upp afskrifuð lán sérvalinna með stökkbreyttum höfuðstól eigin lána, hrapandi kaupmætti og auknum sköttum.

En hvað kemur það Banque Havilland við? Jú. – Bankakerfið í Lúxemborg þrífst á leynd. Þar eru samankomnir fjármunir þeirra sem af einhverjum ástæðum þurfa að fela þá. Og þá komum við að tengingunni. Við gjaldþrot fyrirtækis þá eru bækur þess opnaðar upp á gátt og ef dótturfélög Kaupþings og Landsbankans í Lúxemborg hefðu verið sett í eðlilega þrotameðferð, hefði lokinu verið svipt af ormagryfju fjárhagslegra tengsla og margt óþægilegt komið í ljós.

Því var unnið hörðum höndum að því að bjarga þessum fyrirtækjum. Og björgun fjármuna var ekki stærsta atriðið, heldur var verið að bjarga hagsmunum. Og ekki halda eitt augnablik að þar hafi menn verið að huga að hagsmunum borgaranna.

Aftur á móti þá voru háttsettir aðilar að bjarga gríðarlegum fjármunum með tímabundinni handstýringu á gengisvísitölunni í 175 stig.

En það voru fjármunir sérvalinna. – Og þeir eiga Ísland.

Nú er lýst eftir peningastefnu

Peningamál

Valgerður Bjarnadóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Í fréttum af fjórðu afgreiðslu AGS á efnahagsáætlun til okkar segir að nú verði kveðið á um að við þurfum eða verðum að móta okkur peningastefnu til frambúðar.

Í skrifum um síðustu helgi gagnrýndi pistlahöfundurinn, Þorsteinn Pálsson, stjórnmálaleiðtoga fyrir að þegja um peningastefnu eða -stefnuleysi í áramótagreinum og -ávörpum.

Það má með sanni segja að erfitt er að vita hvað sumir stjórnmálamenn telja að verði okkur, íslensku þjóðinni, affærasælast við stjórn peningamála á næstu árum og áratugum. Það er heldur enginn vandi að taka undir að það er vont þegar fólk þegir um svo mikilvæg málefni.

Krónan hefur ekki reynst okkur vel, það liggur í augum uppi og það sýna rannsóknir. Væntanlega eiga enn fleiri rannsóknir eftir að sýna það, og útlista alls konar villur sem gerðar voru við stjórn peningamála undanfarin ár og jafnvel áratugi.

Stjórnmálamenn sem mæla fyrir aðild okkar að Evrópusambandinu verða ekki sakaðir um stefnuleysi í peningamálum. Aðild að sambandinu myndi færa okkur inn í myntsamstarfið þótt við gætum auðvitað ekki umsvifalaust skipt á krónu og evru. Aðild að ESB er hins vegar forsenda fyrir því að við getum nokkurn tímann skipt krónunni út fyrir evruna.

Í mínum huga þurfum við að hugsa þetta í tveim eða kannski er réttara að segja þrem skrefum. Fyrst þurfum við að brúa bilið þangað til við komumst inn í hið svokallaða ERM II. Það gerum við með því að losa um gjaldeyrishöftin eins og kostur er. En við neyðumst til að hafa þau áfram í einhverri mynd. Evrópusambandsríki sem ekki uppfylla skilyrði til að taka upp evru geta verið í ERM II, það er annað skrefið. Þá tengist gjaldmiðillinn evru með vikmörkum upp á 15%. Ef útlit er fyrir að gengið sveiflist út fyrir vikmörkin kemur Evrópski seðlabankinn sjálfkrafa til hjálpar.

Þegar Maastricht-skilyrðin hafa verið uppfyllt tökum við síðan upp evru, það væri þriðja skrefið.

Auðvitað verður hvorki lífið sjálft né efnahagslífið eilífur dans á rósum við að ganga í ESB, en það mun sannarlega verða auðveldara að ráða við – allavega það síðarnefnda. Þau þrjú skref sem ég nefndi eru stóru mikilvægu skrefin. Vissulega þarf svo alls konar ráðstafanir og krúsidúllur í kring, en það er allt miklu auðveldara viðfangs.

> Það er ekki þeirra sem vilja halda samningaviðræðunum við ESB áfram að segja fyrir um einhverja aðra leið í peningastjórn þjóðarinnar.

Annað hvort þetta eða áframhaldandi gjaldeyrishöft fyrir barnabarnabörnin.

Það er ekki þeirra sem vilja halda samningaviðræðunum við ESB áfram að segja fyrir um einhverja aðra leið í peningastjórn þjóðarinnar.

Það er hinna, þeirra sem ekki vilja fara ESB-leiðina, að segja okkur hvernig þeir hugsa sér að losa um gjaldeyrishöftin og halda efnahagslífinu hér stöðugu. Við bíðum spennt – að minnsta kosti ég.

Kristján Jóhannsson og Jónas Sen

Tónlist

Sigríður Ingvarsdóttir
formaður Caritas á Íslandi

Á ýmsum tímum hefur íslenska þjóðin eignast afburðamenn sem hafa svo sannarlega varpað ljósi á söguspjöld þjóðarinnar. Einn af þeim er Kristján okkar Jóhannsson, einn ástsælasti óperusöngvari þjóðarinnar og fremsti dramatíski tenór okkar tíma.

Ef það væri ekki tilfellið hefðu heimsþekktir listrænir stjórnendur á borð við Zubin Metha og Riccardo Muti, stjórnendur virtustu óperuhúsa heims, þar með La Scala, Metropolitan-óperunnar, Ríkisóperunnar í Vín og Covent Garden, ekki kosið að fela honum aðalhlutverk í tugum ópera. Til að ná þeim árangri sem raunar er vitað þarf að hafa marga kosti sem nauðsynlegir eru miklum söngvara, en þeir eru m.a. góð greind, tón- og listnæmi samhliða túlkandi skaphita, góðu taugakerfi og glæsimennsku. Þessir kostir hafa tvímælalaust hjálpað Kristjáni til að komast í fremstu röð óperusöngvara á heimsmælikvarða. Slíku marki verður ekki náð, þótt efniviðurinn sé góður, nema með þrotlausri baráttu og vinnu. Þetta vita allir sem hafa skyggnst inn í þessa hluti en við vitum að margir eru kallaðir en fáir útvaldir. Þegar rödd Kristjáns hljómar hlustar öll þjóðin og þannig hefur það alltaf verið frá því að hann kom fyrst fram sem söngvari.

Satt best að segja varð mér orðfall þegar ég las harða og rætna gagnrýni Jónasar Sen í Fréttablaðinu um ferilplötu Kristjáns Jóhannssonar sem spannar 30 ára söngferil en þar er að finna yndislegar upptökur frá þekktum óperuhúsum. Það er ekki bara að hann gefi plötunni eina stjörnu heldur reynir hann að færa rök fyrir því að Kristján sé ómúsíkalskur og falskur og sneyddur tilfinningu fyrir því sem hann er að gera, burtséð frá glæsilegum ferli hans, að hafa sungið í bestu óperuhúsum heims. Slíkur gagnrýnandi hlýtur að missa marks og smækkar sjálfan sig svo um munar. Að vísu dregur hann aðeins í land 28. desember en skýlir sér bak við miður góða gagnrýni í New York Times 1997. En ef gúgglað er með jákvæðara hugarfari fær Kristján víða frábæra dóma eins og fyrir frammistöðu sína í óperunni Andrea Chenier eins og lesa má í bandarískra blaðinu The Daily Herald en þar segir gagnrýnandinn „Kristján hafa hlotið rödd í vöggugjöf sem flestir tenórar myndu láta lífið fyrir, hún hafi fyllingu og sé þróttmikil og að Kristján þurfi aldrei að streitast við að ná hæstu tónunum“ Mbl. 2. des. 1995.

Sjálf hlustaði ég á Kristján syngja í Grímudansleiknum á Metropolitan-óperunni í New York árið 1997 undir stjórn James Levine. Kristján var svo sannarlega í essinu sínu þegar hann söng aríuna Forse la Soglia Atins og þessi þróttmikla rödd tryllti áhorfendur með ljóma sínum. Það var klappað í heilar fimm mínútur og það var eins og þeir óttuðust hvað tæki við ef hann hætti að syngja og þetta yndislega augnablik kæmi aldrei aftur. Ég heyrði hann líka syngja í Pagliacci við Íslensku óperuna 2008 og það fór hríslingur niður bakið á bakið á mér þegar hann söng Vesti la Giubba og lagði áhorfendur að fótum sér með áhrifamikilli túlkun á trúðnum óhamingjusama.

Undanfarin þrjú ár hefur Kristján sungið á Caritas-tónleikum og vakið fádæma hrifningu. Ég get fullvissað lesendur um að þar var hann í toppformi og fékk óblandað lof bæði frá áheyrendum og ekki síst frá samstarfsmönnum sínum sem eru með færasta tónlistarfólki landsins.

Kristján Jóhannsson hefur verið mikil lyftistöng fyrir okkar litlu þjóð. Við höfum oft verið stolt yfir afrekum hans erlendis og hann á ekkert annað skilið en þakkir og að vera elskaður þótt hann sé ekki gallalaus frekar en við hin.

Heilsusamleg húðhirðulína fyrir alla fjölskylduna
– engin óþörf aukaefni

ceridal®
Húðhirðulína

STEFNIR

Ávöxtun *sjóða* Stefnis

100% afsláttur af gengismun í sjóðum út febrúar.

Sjóður	Nafnávöxtun 1 ár*	3 ár*	5 ár*	Árleg nafnávöxtun frá stofnun*
Blandaðir sjóðir				
Stefnir – Samval[1]	10,7%	8,9%	8,9%	
Stefnir – Eignastýringarsjóður[1]	11,8%	9,2%	8,4%	
Íslensk hlutabréf				
Stefnir – ÍS-15[1]	15,7%	-43,4%	-26,5%	
Íslensk skuldabréf				
Stefnir – Ríkisvíxlasjóður[2]	6,3%			7,9%
Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2]	20,5%			16,4%
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2]	12,4%	18,2%	13,4%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur[2]	12,3%	19,7%	13,6%	
Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð[2]	10,4%			11,4%
Stefnir – Skuldabréf stutt[1]	10,9%	9,6%		
Erlend hlutabréf**				
KMS – Global Equity[2]	5,9%	15,1%	14,7%	
KF – Global Value[2]	10,3%	10,1%	13,9%	
Stefnir – Erlend hlutabréf[2]	0,1%	11,5%	14,7%	
MSCI World (viðmið)[3]	*0,3%*	*13,7%*	*13,0%*	
KMS BRIC[2]	1,4%	16,5%		21,4%
MSCI BRIC (viðmið)[3]	*-1,6%*	*13,8%*		*22,0%*
Stefnir – Scandinavian Fund[2]	14,7%	15,6%		14,0%
MSCI Nordic (viðmið)[3]	*12,2%*	*13,3%*		*11,3%*

** Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta Seðlabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

* 1 ár: 31.12.2009–31.12.2010. 3 ár: 31.12.2007–31.12.2010. 5 ár: 31.12.2005–31.12.2010. Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins. Eignir í virkri stýringu eru um 280 milljarðar króna og viðskiptavinir um tuttugu þúsund talsins.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í ISK. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion verðbréfavörslu hf. og upplýsingaveitu Bloomberg.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu **Arion banka** í síma **444 7000**,
í næsta útibúi eða á **arionbanki.is/sjodir**

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. 2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. 3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS AFI 53064 11/10

tímamót

timamot@frettabladid.is

63 **DAVÍÐ ODDSSON,** ritstjóri og fyrrverandi forsætisráðherra, er 63 ára í dag.
„Menn eiga aldrei að hika við að leggja á brattann, en þeir eiga heldur aldrei að ganga nær brúninni en þeir þurfa.“

NORÐURSLÓÐIR Fyrirlesturinn er á vegum sendiráðs Kanada á Íslandi, utanríkisráðuneytisins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Mannlíf á norðurslóðum

Þróun mannlífs og lífskjara á norðurslóðum er yfirskrift opins fyrirlestrar sem haldinn verður þriðjudaginn 18. janúar í Árnagarði,

Dr. Joan N. Larsen frá stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Dr. Gail Fodahl frá háskólanum í Norður Bresku-Kólumbíu í Kanada, kynna vinnu við nýja skýrslu um þróun mannlífs og lífskjara á norðurslóðum.

Skýrslan verður unnin af fjölmörgum sérfræðingum um norðurslóðir og mun fjalla um helstu þætti sem hafa áhrif á og auðkenna þróun og velferð samfélaga á norðurslóðum. Árið 2004 kom út fyrsta skýrslan um þetta efni sem unnin var meðan Ísland gegndi formennsku í Norðurskautsráðinu 2002 til 2004 og byggir þessi skýrsla meðal annars á þeirri vinnu.

Fyrirlesturinn er á vegum sendiráðs Kanada á Íslandi, utanríkisráðuneytisins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn verður haldinn milli klukkan 12-13 í stofu 201 og fer fram á ensku. Allir velkomnir. **- rat**

GERÐU SAMNING Bjarni Þ. Sigurðsson, sölustjóri Hyundai, Gunnar Björn Gunnarsson, forstjóri Procar, og Rúnar H. Bridde, sölustjóri Nissan.

Procar festir kaup á 100 bílum

Bílaleigan Procar, sem er með um 200 bíla flota, skrifaði nýlega undir samninga við B&L og Ingvar Helgason um kaup á 100 bílum af gerðunum Hyundai og Nissan.

Gerðirnar sem bílaleigan kaupir eru Nissan Micra í nýrri útfærslu, Nissan Qashqai og Hyundai i20 og i10.

Greint er frá því í fréttatilkynningu frá Procar að verulegar bókanir hafi þegar verið gerðar fyrir sumarið.

†

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Páldís Eyjólfs

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. janúar kl. 13.00.

Halldóra Konráðsdóttir
Elísabet Konráðsdóttir
Elín Konráðsdóttir
Þorvaldur Sigurbjörnsson
Sigurður Halldórsson
Guðni Bergsson
barnabörn og langömmubörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.** Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

ÞETTA GERÐIST: 17. JANÚAR 1914

Eimskipafélag Íslands stofnað

Eimskipafélag Íslands er elsta skipafyrirtæki landsins, stofnað á þessum degi árið 1914, en undirbúningur að stofnun þess hafði þá staðið yfir í um tvö ár.

Fjölmiðlar töldu að með stofnun félagsins væri stigið eitt mesta heillaspor í sögu þjóðarinnar og kölluðu það gjarnan Óskabarn þjóðarinnar. Fyrstu tvö skip félagsins, bæði smíðuð í Kaupmannahöfn, komu til Íslands árið 1915, Gullfoss í apríl og Goðafoss í júní. Með tilkomu skipanna árið 1915 hóf félagið reglulegar siglingar. Nýtt farþegaskip, sem einnig hlaut nafnið Gullfoss, var tekið í notkun 1950. Um 20 árum síðar voru fyrstu erlendu vöruhús Eimskips tekin í notkun, í London og New York.

Í dag býður Eimskip upp á alhliða flutningsþjónustu um allan heim, með skrifstofur í sextán löndum og umboðsmenn í fjölmörgum löndum að auki. Hluthafar eru nú 77, í þeirra hópi er skilanefnd Landsbankans sem fer með 41 prósenta eignarhlut.

Heimild: wikipedia.org



ALDREI FLEIRI FANGAR Í NÁMI: FLESTIR Í FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURLANDS

Hvatning meginatriðið

Fjöldi þeirri fanga sem stunda nám meðfram afplánun hefur aldrei verið meiri en í ár. Alls eru 42 fangar á Litla-Hrauni skráðir til náms við Fjölbrautaskóla Suðurlands og sextán fangar af átján á Bitru hafa innritað sig til náms. Kennsla fer fram á Litla-Hrauni og í Bitru auk þess sem nokkrir fangar eru í fjarnámi á Kvíabryggju. Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður í fangelsinu að Litla-Hrauni, segir góða hvatningu hafa mikið um þennan fjölda að segja.

„Hópurinn sem er skráður til náms meðfram afplánun á Litla-Hrauni er með þeim stærri og í heild, með nemendum sem afplána á Bitru, er þetta stærsti hópur fanga í námi sem við höfum haft hingað til,“ segir Margrét. „Við höfum séð verulega aukningu í fjölda þeirra sem eru í námi, sérstaklega síðastliðin tvö ár, og fundið fyrir auknum áhuga fyrir því að stunda nám, hvort sem það er svokallað grunnám, fyrir þá sem hafa flosnað upp og kannski ekki lokið grunnskólanum, eða framhaldsnám og svo erum við með fjóra einstaklinga sem eru í háskólanámi í fjarkennslu.“

Tilfinning Margrétar fyrir því hvað veldur þessari fjölgun er sú að haldið sé vel utan um námið og þeir hvattir áfram. „Við leggjum mjög mikla áherslu á það að þeir fari í skóla, og fyrir tveimur árum kom hingað til starfa náms- og starfsráðgjafi, Anna Fríða Bjarnadóttir, og að öllum öðrum ólöstuðum held ég að hún og kennslustjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands, Ingi S. Ingason, eigi stærstan þátt í því að menn fara í nám og flosna síður upp úr því. Það var talsvert stór hópur að ljúka hjá okkur einhverjum prófum á vistinni og sú staðreynd að þeim fjölgar einnig sem ljúka prófum stafar af því að Anna Fríða aðstoðar þá við val á námi við hæfi.“

Margrét segir hvatninguna sem fangarnir fá frá þeim sem starfa við skólann ómetanlega. „Stór hópur af þeim sem koma í fangelsin flosnuðu upp úr námi, oft strax í grunnskóla. Þegar þeir segja manni frá sínum grunnskólaárum kemur oftar en ekki í ljós að margir þeirra upplifðu höfnun af hálfu skólans og þá sérstaklega þeir sem voru ofvirkir, með athyglisbrest, lesblindu eða annað slíkt. Þeir lentu oftar en ekki í því að ítrekað var talað um „getuleysi“ þeirra í stað þess að þeir væru hvattir áfram og veitt hjálp við hæfi. Ég hef heyrt á þeim að þeim finnst mikilsvert að fá þessa hvatningu, að halda áfram og gefast ekki upp.“

Auk þess sem námið styrkir sjálfstraustið segir Margrét að þeir menn sem hún hafi talað við sem luku einhverju námi í afplánun horfi allt öðru vísi til framtíðar. „Menn sjá að þeir hafa möguleika til að breyta um umhverfi og ég tel að skóli sé eitt besta ráðið til að hjálpa þeim við að snúa af braut afbrota og draga úr endurkomum. Þess má líka geta að það er mjög gott samstarf á milli kennara og starfsmanna Litla-Hrauns og það skiptir ekki síður máli að þeir sem starfa við fangavörslu séu hvetjandi því þeir umgangast fangana dags daglega og sinna þörfum þeirra. Til þess hafa meðal annars verið haldin fræðslukvöld eftir að starfsmenn FSU sóttu námskeið erlendis þar sem þetta atriði var helsta umfjöllunarefnið.“

juliam@frettabladid.is

GÓÐUR STUÐNINGUR Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður fangelsisins Litla Hrauni segir marga fanga hafa flosnað upp úr úr námi sem ungmenni, oftar en ekki í grunnskóla, vegna ónægs stuðnings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tíu fengu Norðursprota

Tíu nýsköpunarverkefni fengu styrk frá Norðursprotum á dögunum. Norðursprotar er tímabundið verkefni sem unnið hefur verið í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Impru, Nýsköpunarsjóð og Alcoa með það markmið að styðja við nýsköpun í atvinnulífi á Norðausturlandi, en einnig einstaklinga í atvinnuleit sem búa yfir viðskiptahugmyndum og aðstoða þá við að hrinda þeim í framkvæmd. Tilgangurinn er einnig að stuðla að faglegri vinnslu viðskiptahugmynda með arðsemi og kröfur markaðarins að leiðarljósi og hvetja atvinnuleitendur til að skapa sér ný atvinnutækifæri. Verkefnið er styrkt af Samfélagssjóði Alcoa í Bandaríkjunum, en samtals hafa verið veittir 29 verkefnastyrkir.

Alls bárust 36 umsóknir til Norðursprota fyrir þessa fjórðu og síðustu úthlutun verkefnisins, sem telst mikið þar sem styrkurinn nær ekki til alls landsins. Styrk nú hlutu nýsköpunarverkefnin Hönnun og slípun á nuddsteinum, Sjálfbærar veiðar að hausti, Grænn efnaiðnaður, Sjúkraflugfélag Íslands, Birkisafi, Kjötkrókur, Highland sailing, Skíðarútan á Akureyri, Rán plastbátaverksmiðja og Snjóþota.

- þlg

ÁL Í GOTT MÁLEFNI Það er Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum, sem meðal annars rekur álver á Reyðarfirði, sem styrkir Norðursprota. MYND/HREINN MAGNÚSSON

Hönnunarsjóður Auroru hefur að markmiði að skjóta styrkum stoðum undir íslenska hönnun. Næsta úthlutun úr sjóðnum verður í mars en frestur til að skila inn umsóknum rennur út 15. febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Strigi á blindramma - Ný sending á góðu verði
20% kynningarafsláttur á nýrri tegund út janúar.
40% afsláttur á eldri tegund á meðan birgðir endast.

LISTALAGERINN JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S:58 58 908 - www.jarngler.is

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Jólagjöfin hitti beint í mark hjá eiginmanninum:

RAX strax upp á vegg

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona er ekki sein til svars þegar Fréttablaðið forvitnast um það nýjasta sem prýðir heimili hennar og manns hennar, Jóns Heiðars Þorsteinssonar.

„Það er jólagjöfin frá mér til hans," segir hún að bragði og lýsir því hvernig eiginmaðurinn hafi fallið fyrir ljósmyndum eftir Ragnar Axelsson á sýningu Gerðarsafni.

„Jón varð svo hrifinn að ég ákvað að gefa honum mynd eftir RAX í jólagjöf, keypti ljósmyndabókina Veiðimenn norðursins og áritaða mynd með sem ég lét ramma inn. Við erum alltaf heima hjá foreldrum mínum á aðfangadagskvöld og tveim dögum fyrr fór ég og faldi myndina bak við sófann þar."

Hallveig segir bóndann hafa orðið hæstánægðan þegar bókin birtist innan úr jólapappírnum. Myndin hafi þó hitt beint í mark. „Þegar ég vippaði myndinni fram undan sófanum varð hann alveg orðlaus, en það gerist ekki oft. Myndin fór upp á vegg strax og við komum heim, seint á aðfangadagskvöld."

heida@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð

20-70%
AFSLÁTTUR
Af völdum vörum

10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
Nú 99.500

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Húsráð eru oft góð og gild Gamalt ráð segir að til að þrífa skýjaða blómavasa sé gott að fylla vasann af vatni og bæta góðu magni af salti útí. Þannig verði hann glær og fínn á ný.

Enn meiri verðlækkun!

Komdu og gerðu frábær kaup á nýjum skóm og vetrarfatnaði

Stærðir 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími: 5812141 • www.hjahrafnhildi.is

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst 21. janúar

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

TÖKUM HÖNDUM SAMAN
OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR
TIL SIGURS!

Hringdu núna í síma 907 1020
og þú styrkir HM liðið okkar
um 2.000 kr.

Húsið var byggt árið 1962 og var upphaflega fjölbýlishús.

Sópa inn verðlaunum

Arkitektarnir Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Þorsteinsson sem reka arkitektastofuna Minarc í Santa Monica vekja enn og aftur athygli fyrir störf sín þar ytra. Hús eftir þau var það vinsælasta á vef LA Times.

Hús, sem íslensku arkitektarnir Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Þorsteinsson endurgerðu í nágrenni Los Angeles í Bandaríkjunum, hefur vakið mikla athygli en á dögunum birti vefútgáfa Los Angeles Times lista yfir þau hús sem voru vinsælust hjá lesendum þeirra árið 2010. Þar á lista var fjölbýlishús sem þau hjón Erla Dögg og Tryggvi gerðu að einbýlishúsi en þau reka arkitektastofuna Minarc í Santa Monica.

„Húsið var endurgert með því að halda eftir um helmingi af upprunalegri smíði þess. Að okkar mati er nýtni stór partur af því að vera umhverfisvæn – nota það sem til er. Við erum alveg viss um að sú staðreynd að við komum frá Íslandi hefur mikið með þetta viðhorf að gera. Nýtni og áhuga á því að nota hluti á annan hátt en gert er ráð fyrir er ekkert sem við lærðum í skóla," segir Erla.

Minarc kallast akitektastofa þeirra Tryggva Þorsteinssonar og Erlu Daggar Ingjaldsdóttur.

Húsið var byggt árið 1962 en myndir af því má skoða á vef LA Times, latimes.com. Þetta er þó ekki eina viðurkenningin sem húsið hefur hlotið því á dögunum unnu þau Erla og Tryggvi Remodeling Design Awards fyrir hönnun sína og segja má að verðlaunum skoli á land þeirra þessa dagana því fyrir hönnun sína á vaski úr endurunnu gúmmíi, Rubbish, fengu þau R+D awards. Þá hlutu þau International Design Awards fyrir einbýlishús úr sinni smiðju.

„Við erum mest í því að hanna einbýlishús en um þessar mundir erum við að gera bakarí í Santa Monica og vinna að verkefnum í Kanada og Ástralíu svo eitthvað sé nefnt," segir Erla. *- jma / sg*

Dramatískt landslag, eldfjöll og fossar, urðu arkitektunum innblástur við hönnun eldhússins og við litaval.

Húsið er einkar fjölskylduvænt og barnaherbergið meðal annars með vegg til að kríta á.

RÝMI 75 ÁRA 1936-2011
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rýmis

Frábærar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Lager-hreinsun
-25% af ÖLLUM vörum - prófaðu svo að prútta!

- Skjalaskápar
- Teikningaskápar
- Geymsluhillur
- Starfsmannaskápar
- Lagerhillur
- Verslunarhillur

- Ráðgjöf
- Lausnir
- Þjónusta

Brautarholt 26 • 105 Reykjavík • Sími 511 1100 • www.rymi.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Frábær árangur!
- 21 eign seld á 60 dögum!

Friðbert Bragason
S. 820 6022
Viðskipta fr.

Magnús Einarsson
S. 897 8266
lögg. fasteignasali

Þú hringir, við seljum! 512 4900

Áttu mikið skuldsetta íbúð?
- við getum selt fyrir þig!

Erum með kaupendur að mikið skuldsettum 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

RE/MAX

Ég sel 5 eignir í þessum mánuði, eignin þín gæti verið ein þeirra, skráðu eignina þar sem hún selst!

Hringdu núna
699 5008

Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali

Fasteignaauglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

Viðar Ingi Pétursson
Sími: 512-5426
vip@365.is

Hrannar Helgason
s. 512 5441
hrannar@365.is

Fallega innréttað parhús á góðum stað í Kópavogi

Fasteignasalan Miklaborg hefur til sölu tveggja hæða parhús í Heiðarhjalla í Kópavogi.

Húsið stendur hátt innst í botnlanga með fallegu útsýni.

Húsið er 214,6 fm með innbyggðum bílskúr, stórum palli og fallegri lóð. Húsið er fallega innréttað með vönduðum gólfefnum og góðu skipulagi og rúmgóðum herbergjum. Húsið stendur hátt innst í botnlanga með fallegu útsýni.

Forstofa með náttúruflísum á gólfi og góðu skápaplássi, hiti er í gólfi í forstofu. Inn af henni er gestabað og innangengt í bílskúrinn. Eldhúsið er mjög rúmgott með mahóní-innréttingu, gashelluborði og tækjum með stáláferð. Stofa og borðstofa liggja saman í stóru rými þar sem hátt er til lofts og útgengt út á flísalagðar svalir með mjög góðu útsýni, gegnheilt parket er á gólfum í stofum og eldhúsi en hluti með náttúruflísum. Svalir hússins eru mjög stórar og liggja meðfram tveimur hliðum hússins, í suður og austur.

Stiginn á neðri hæðina er flísalagður. Á neðri hæðinni eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, stórt sjónvarpshol með parketi, rúmgott þvottahús með innréttingum og flísum á gólfi, stórt flísalagt baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og fallegri viðarinnréttingu. Af gangi neðri hæðar og úr hjónaherbergi er útgengt út á stóra timburverönd með skjólveggjum með heitum potti.

Baltasar Kormákur, Mark Wahlberg og Kate Beckinsale ásamt öðrum stjörnum kvikmyndarinnar Contraband eru nú komin til New Orleans þar sem tökur á myndinni hefjast í dag, mánudag. Fjölmiðlar í New Orleans hafa sýnt komu Marks Wahlberg til borgarinnar mikinn áhuga en borgin hefur gert tölurvert út á að lokka stórmyndir frá Hollywood til sín eftir hamfarirnar í kringum fellibylinn Katrinu. Fram kom á vefnum onlocationvacations.com að leikarar og tökulið Contraband ætluðu að hrista sig saman og halda partý á veitinga- og skemmtistaðnum The Attic At Lucy's á laugardagskvöldinu.

Contraband-liðið verður ekki það eina sem hyggst taka upp kvikmynd á þessum tíma í New Orleans. Samkvæmt áðurnefndum vef verður framhaldsmynd Piranha tekin þarna upp seinna í þessum mánuði og svo nýjasta kvikmynd Bruce Willis, Looper.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt er Contraband endurgerð á íslensku kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam sem Óskar Jónasson gerði. Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk kvikmynd er endurgerð á þennan hátt en það eru stórfyrirtækin Universal og Working Title sem framleiða myndina. Gerð hennar er talin kosta þrjátíu milljónir dollara eða þrjá og hálfan milljarð íslenskra króna.

- fgg

Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Baltasar Kormákur og Mark Wahlberg verða áberandi í New Orleans í janúar. Mikilli veislu verður slegið upp á veitingahúsinu The Attic At Lucy's á laugardaginn í tilefni af byrjun takanna sem hefjast í dag, mánudag.

Lag til heiðurs McCartney

Sigurður Eyberg úr rokksveitinni Deep Jimi and the Zep Creams hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu. Eitt lag er tileinkað Paul McCartney.

„Þetta er búið að eiga sér langan aðdraganda," segir Sigurður Eyberg, sem hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Finger Of God (Toes of Paul McCartney).

Sigurður, sem er söngvari rokksveitarinnar Deep Jimi and the Zep Creams, blandar saman ýmsum tónlistarstefnum á plötunni, þar á meðal danstónlist, poppi og rokki, á forvitnilegan hátt. „Maður er búinn að vera að semja fullt af dóti og svo var þetta farið að hlaðast það mikið upp að ég hugsaði að nú yrði maður að tappa af þessu," útskýrir hann. „Ég setti þetta inn í tónlistarforrit og fór að setja „lúppur" undir til að sjá hvernig þessi lög eða lagabútar væru að virka. Þetta fór að taka á sig skemmtilega mynd og ég ákvað að gera plötu sem tæki mikið mið af þessum prufuupptökum."

Eitt lag á plötunni er tileinkað Paul McCartney og nefnist When I´m 69, sem er grín-útúrsnúningur úr Bítlalaginu When I´m 64. „Mér fannst þetta alveg kjörið þar sem hann verður 69 ára á árinu. Nafnið á plötunni spratt upp út frá því," segir hann en vill ekki meina að McCartney sé í meira uppáhaldi hjá sér en aðrir.

Sigurður býður aðdáendum sínum að taka þátt í tónlistarsköpun sinni á síðunni Sigurdureyberg.com. Uppátækið er óvenjulegt og á rætur sínar að rekja til „samtala" sem hann hefur átt við áhorfendur í gegnum leikhúsið, en Sigurður er menntaður leikari. „Mér finnst orðið erfitt að hafa mig upp úr sófanum frá tölvuskjánum og ég held að það séu margir þannig. Þetta samtal við áhorfendur sem maður fær í gegnum „live"-spilamennsku er ekki svo mikið til staðar í þessu verkefni en þú getur fengið það í gegnum svona samtal. Það verður gaman að sjá hvaða viðbrögð ég fæ við þessu."

Spurður hvort ekkert tónleikahald sé þá fram undan segir Sigurður: „Ég er meira að horfa á heimasíðuna. Mig langar að ná upp þessu samtali þar og stemningu."

freyr@frettabladid.is

SIGURÐUR EYBERG Tónlistarmaðurinn hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Finger Of God (Toes of Paul McCartney). FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Góðar viðtökur við Tvinna.is

„Viðtökurnar hafa verið framar vonum," segir Ragnar Freyr Pálsson, einn af stofnendum síðunnar Tvinna.is. Hún sérhæfir sig í atvinnuauglýsingum fyrir skapandi greinar.

Að sögn Ragnars hafa þrettán fyrirtæki auglýst á síðunni frá því hún fór í loftið 3. janúar og 23 störf eru núna komin inn á hana. „Við fengum þessa hugmynd fyrir rúmu ári en við erum búnir að vinna hægt og rólega að þessu," segir Ragnar Freyr. „Við sáum þörf fyrir svona vef, að hafa þetta allt á einum stað því þetta er svo dreift eins og þetta er í dag," segir Ragnar og á við atvinnuauglýsingar fyrir skapandi greinar. „Við sáum sérstaka ástæðu til að opna þetta núna vegna þessa að umræðan um skapandi greinar er búin að vera í brennideplinum."

Lazycomet-hópurinn stendur að baki Tinna.is. Auk Ragnars, sem er grafískur hönnuður hjá CCP, eru í hópnum þeir Einar Birgir Einarsson, viðmótsforritari og Magnús Þór Jónsson sem starfa hjá Gogoyoko. Fleira er á prjónunum hjá Lazycomet. Auk þess að vinna í að bæta Tvinna.is vinnur hópurinn að tveimur tónlistartengdum verkefnum sem líta dagsins ljós á næstu mánuðum.

- fb

LAZYCOMET Strákarnir í Lazycomet eru mennirnir á bak við síðuna Tvinna.is. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

markhonnun.is

netto
Ódýrt fyrir heimilið!

Sci-MX NUTRITION

25% afsláttur af öllum Sci-MX vörum

300W SMOOTHIE BLANDARI
- Öflugur 300w mótor
- 0,5l hert plast
- Hægt að taka hnífa frá til að hreinsa
- 2 hraðar ásamt púls
- Gúmmítappar undir fyrir betri stöðuleika
- Litur: Svartur

KENWOOD
Blandari
3.495kr/stk.
áður 4.995 kr/stk.

BLÁBER 340g
299kr/pk.
áður 398 kr/pk.
25% afsláttur

JARÐARBER 454g
279kr/pk.
áður 398 kr/pk.
30% afsláttur

BERJABLANDA 453g
299kr/pk.
áður 498 kr/pk.
40% afsláttur

HINDBER 340g
395kr/pk.
áður 598 kr/pk.
34% afsláttur

LAUSFRYSTIR ÁVEXTIR OG BER Á FRÁBÆRU VERÐI!

ÁVAXTASAFAR 1l
Epla-, appelsínu- eða mildur ávaxtasafi
159kr/stk.
áður 199 kr/stk.

TÓMATSAFI
199kr/stk.
áður 259 kr/stk.

GRAPESAFI
229kr/stk.
áður 298 kr/stk.

GRÆNMETISSAFI
229kr/stk.
áður 298 kr/stk.

TRÖNUBERJASAFI
298kr/stk.
áður 359 kr/stk.

ANANASSAFI
229kr/stk.
áður 298 kr/stk.

SVESKJUSAFI
298kr/stk.
áður 359 kr/stk.

SMOOTHIE
600g – 3 TEG.
495/pk.
áður 589 kr/pk.

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavixl

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast

ÍSLAND OG JAPAN hafa mæst fjórum sinnum á stórmótum í handbolta og hvor þjóð hefur unnið tvo leiki. Japanar unnu fyrstu tvo leikina með einu marki, 20-19 á HM í Frakklandi 1970 og 19-18 á Ólympíuleikunum í München 1972. Íslenska landsliðið hefur hins vegar unnið síðustu tvo, 21-17 á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984 og 24-20 á HM í Kumamoto 1997.

Dalglish fagnað sem hetju á Anfield

Dirk Kuyt tryggði Liverpool 2-2 jafntefli gegn Everton. Man Utd er enn taplaust í efsta sæti deildarinnar.

FÓTBOLTI Manchester United er enn taplaust í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta að loknum 21 leik en liðið gerði markalaust jafntefli á White Hart Lane í London í gær gegn Tottenham. Leikurinn fer seint í sögubækurnar fyrir tilþrif og takta – en Brasilíumaðurinn Rafael, hægri bakvörður Man Utd fékk rautt spjald um miðjan síðari hálfleik. Tottenham náði ekki að brjóta niður vörn Man Utd þrátt fyrir nokkrar ágætar tilraunir. Ryan Giggs lék sinn 600. leik fyrir Man Utd sem hefur ekki tapaði gegn Tottenham í áratug á útivelli.

Man Utd hefur gert jafntefli í átta af alls tíu útileikjum sínum á tímabilinu en liðið er í efsta sæti með 45 stig með betri markatölu en Man City sem er einnig með 45 stig en hefur leikið tveimur leikjum meira en Man Utd. Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Tottenham, sagði eftir leikinn að Man Utd muni ekki fara taplaust í gegnum tímabilið líkt og Arsenal gerði á sínum tíma. Sir Alex Ferguson var sáttur við varnarleikinn en hann hrósaði Ryan Giggs í leikslok. „Hann er besta fyrirmynd sem um getur í fótboltanum. Frábær persóna og frábær fótboltamaður," sagði Ferguson.

Kenny Dalglish náði að landa sínum fyrstu stigum sem knattspyrnustjóri Liverpool þegar liðið gerði 2-2 jafntefli gegn grannaliðinu Everton á Anfield. Þetta var þriðji leikur Liverpool undir stjórn Dalglish og stuðningsmenn liðsins trúa varla þeirri staðreynd að liðið er aðeins fjórum stigum fyrir ofan fallsætið. Það var Hollendingurinn Dirk Kuyt sem tryggði Liverpool jafntefli með marki úr vítaspyrnu á 67. mínútu. Þetta er í fimmta sinn sem Kyut skorar úr vítaspyrnu í grannaslag gegn Everton. Raul Meireiles skoraði sitt fyrsta mark fyrir Liverpool á 28. mínútu en á sex mínútna kafla í upphafi síðari hálfleiks náðu gestirnir að jafna og komast yfir. Dalglish sagði í leikslok að Liverpool-liðið væri mun betra en úrslit síðustu leikja gæfu til kynna. „Ég sá flesta leiki liðsins áður en ég tók að mér þetta starf. Liðið náði ekki hagstæðum úrslitum og það kom mér á óvart þar sem að ég veit að liðið er með frábæra leikmenn. Það eru margir sem hafa sagt slíka hluti að undanförnu en besta leiðin fyrir okkur er að láta verkin tala á æfingasvæðinu og vinna fótboltaleiki," sagði Dalglish.

Roberto Mancini, knattspyrnustjóri Manchester City, stillti upp framlínupari gegn Wolves sem kostar um 10 milljarða kr. og það dugði til 4-3 sigurs. Edin Dzeko sem keyptur var til liðsins nýverið fyrir um 5 milljarða kr. lék vel með Carlos Tevez í framlínunni. City gerði út um leikinn með því að skora 4 mörk á 26 mínútum og þar af skoraði Tevéz tvö og hefur hann skoraði 12 mörk á tímabilinu.

Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópi Stoke sem vann Bolton 2-0 á heimavelli. Grétar Rafn Steinsson var ekki í Bolton-liðinu vegna meiðsla.

- seth@frettabladid.is

HETJAN Stuðningsmenn Liverpool tóku vel á móti Kenny Dalglish í gær þegar hann mætti á sinn gamla heimavöll. Mynd/AFP

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

Chelsea - Blackburn 2-0
1-0 Branislav Ivanovic (57.), 2-0 Nicolas Anelka (75.).

Birmingham - Aston Villa 1-1
1-0 Roger Johnson (48.) , 1-1 James Collins (73.).

Sunderland – Newcastle 1-1
0-1 Kevin Nolan (52.), 1-1 Asamoah Gyan (94.)

Man City – Wolves 4-3
0-1 Nenad Milijas (11.), 1-1 Kolo Touré (39.), 2-1 Carlos Tévez 54., 3-1 Yaya Touré (54), 4-1 Carlos Tévez (66.), 4-2 Kevin Doyle víti (66.), 4-3 Ronald Zubar (86.).

Stoke – Bolton 2-0
1-0 Danny Higginbotham (37.), 2-0 Matthew Etherington víti (63.)

WBA – Blackpool 3-2
0-1 David Vaughan (11.), 1-1 Peter Odemwingie (36.). 2-1 James Morrison (52.), 2-2 Gary Taylor-Fletcher (79.), 3-2 Peter Odemwingie (87.)

Wigan – Fulham 1-1
1-0 H Rodallega (56.), 1-1 Andrew Johnson (84.).

West Ham – Arsenal 0-3
0-1 Robin Van Persie (12.), 0-2 Theo Walcott (41.), 0-3 Robin Van Persie víti (77.).

Liverpool – Everton 2-2
1-0 Raul Meireles (29.), 1-1 Sylvain Distin (46),
1-2 Jermaine Beckford (52), 2-2 Dirk Kuyt víti (68.).

Tottenham – Man Utd 0-0
Rautt spjald: Rafael, Man Utd, 73.

STAÐAN Í DEILDINNI

Man. United	**21**	**12**	**9**	**0**	**43-19**	**45**
Man.City	23	13	6	4	37-19	45
Arsenal	**22**	**13**	**4**	**5**	**45-22**	**43**
Chelsea	22	11	5	6	38-19	38
Tottenham	22	10	7	5	31-25	37
Sunderland	23	8	10	5	26-23	34
Bolton	**23**	**7**	**9**	**7**	**34-31**	**30**
Stoke	22	9	3	10	28-26	30
Newcastle	**22**	**8**	**5**	**9**	**35-32**	**29**
Blackpool	21	8	4	9	31-36	28
Blackburn	**23**	**8**	**4**	**11**	**29-37**	**28**
Everton	22	5	11	6	25-37	26
Liverpool	**22**	**7**	**5**	**10**	**27-31**	**26**
WBA	22	7	4	11	29-41	25
Fulham	**22**	**4**	**11**	**7**	**23-25**	**23**
Birmingham	21	4	11	6	21-26	23
Aston Villa	**22**	**5**	**7**	**10**	**24-39**	**22**
Wigan	22	4	10	8	19-34	22
Wolves	**22**	**6**	**3**	**13**	**24-38**	**21**
West Ham	23	4	8	11	22-41	20
Birmingham	**19**	**3**	**10**	**6**	**18-24**	**19**
Wolves	20	5	3	12	20-34	18

Ie deildin

Njarðvík-ÍR **89-97**
Njarðvík: Christopher Smith 21/5 fráköst/6 varin skot, Jóhann Árni Ólafsson 17/8 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 14, Rúnar Ingi Erlingsson 13/5 stoðsendingar, Friðrik E. Stefánsson 8/4 fráköst, Egill Jónasson 6/4 fráköst, Lárus Jónsson 4/4 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 4/4 fráköst, Páll Kristinsson 2.
ÍR: Nemanja Sovic 32/6 fráköst, James Bartolotta 32/6 fráköst, Kelly Biedler 17/12 fráköst/5 stoðsendingar, Hjalti Friðriksson 9/7 fráköst, Kristinn Jónasson 3, Níels Dungal 2/4 fráköst, Sveinbjörn Claesson 2.

Fjölnir-Stjarnan **92-97**
Fjölnir: Brandon Ja Juan Springer 20/9 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 20, Jón Sverrisson 17/5 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 15/3 varin skot, Ægir Þór Steinarsson 13/8 fráköst/14 stoðsendingar, Arnþór Freyr Guðmundsson 3, Sigurður Þórarinsson 2, Sindri Kárason 2.
Stjarnan: Justin Shouse 24/4 fráköst, Jovan Zdravevski 23/7 fráköst, Renato Lindmets 16/4 fráköst, Fannar Freyr Helgason 16/9 fráköst, Daníel G. Guðmundsson 9, Marvin Valdimarsson 7/7 fráköst, Guðjón Lárusson 2.

Tindastóll-Haukar **95-88**
Tindastóll: Hayward Fain 28/8 fráköst/5 stolnir, Sean Kingsley Cunningham 20/6 stoðsendingar, Dragoljub Kitanovic 15/7 fráköst, Friðrik Hreinsson 13, Helgi Freyr Margeirsson 10, Helgi Rafn Viggósson 5/4 fráköst, Svavar Atli Birgisson 4/7 fráköst.
Haukar: Gerald Robinson 22/8 fráköst, Haukur Óskarsson 17/5 fráköst, Sveinn Ómar Sveinsson 16/4 fráköst, Semaj Inge 12/8 fráköst, Örn Sigurðarson 10, Sævar Ingi Haraldsson 5, Davíð Páll Hermannsson 4, Emil Barja 2/4 fráköst/5 stoðsendingar.

Staðan

Snæfell	12	11	1	1193 - 1068	22
Grindavík	12	10	2	1056 - 936	20
Keflavík	12	8	4	1075 - 1015	16
KR	12	8	4	1163 - 1026	16
Stjarnan	13	7	6	1136 - 1133	14
Haukar	13	6	7	1104 - 1148	12
Tindastóll	13	6	7	1048 - 1095	12
Hamar	12	5	7	963 - 1003	10
ÍR	13	4	9	1161 - 1237	8
Fjölnir	13	4	9	1154 - 1192	8
Njarðvík	13	4	9	1020 - 1102	8
KFÍ	12	2	10	1052 - 1170	4

ÍSLENSKA SIA.IS 52209 01/11
PÁLL ÓSKAR OG EUROVISION-STJÖRNUR ÍSLANDS Í KÖBEN 5. MAÍ 2011
EINSTÖK TÓNLISTARUPPLIFUN FYRIR HÓPA OG KLÚBBA.
VERÐ Á MANN FRÁ:
89.900* KR. Í TVÍBÝLI
99.900* KR. Í EINBÝLI
GESTASÖNGVARAR:
Icy-hópurinn
(Pálmi Gunnarsson, Eiríkur Hauksson, Helga Möller)
Stebbi & Eyfi
Björgvin Halldórsson
Hera Björk
Jóhanna Guðrún
Selma Björns
Friðrik Ómar
Regína Ósk
Eurovision-stórtónleikar í Cirkus í Kaupmannahöfn þar sem Páll Óskar skemmtir ásamt fjölda söngvara sem hafa allir tekið þátt í söngvakeppninni á árum áður.
Tónleikarnir fara fram undir borðhaldi þar sem snæddur verður glæsilegur þriggja rétta kvöldverður meðan listamennirnir skemmta gestum. Síðan verður dansleikur og stanslaust stuð til kl. 02.00 þar sem Páll Óskar sér um tónlistina og heldur uppi fjörinu eins og honum er einum lagið.
Nánari upplýsingar á www.icelandair.is
HOTELBOKANIR.IS
ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði í eina nótt, aðgöngumiði á tónleika Páls Óskars og EUROVISION-stjarna ásamt þriggja rétta kvöldverði, aðgöngumiða á dansleik.

FALLSÆTI Friðrik Stefánsson og félagar eru í fallbaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild karla:

Njarðvík í basli

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar soguðust enn neðar í fallbaráttuna í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær. ÍR-ingar gerðu sér lítið fyrir og unnu heimamenn í „Ljónagryfjunni" 97-89. Njarðvík er með 8 stig í næst neðsta sæti deildarinnar en ÍR er þar fyrir ofan með 8 stig og KFÍ er neðst með 4 stig.
Friðrik Ragnarsson og Einar Árni Jóhannsson stjórnuðu Njarðvík í sínum fyrsta leik í gær eftir að Sigurður Ingimundarson hætti með liðið. Það er alveg ljóst að ástandið í Njarðvík er grafalvarlegt og ekkert annað en fallbarátta bíður liðsins.
Christopher Smith skoraði 21 stig fyrir Njarðvík. Nemanja Sovic og James Bartolotta skoruðu 32 stig hvor fyrir ÍR.
Tindastóll heldur áfram sínu skriði eftir afleitt gengi í upphafi mótsins. Tindastóll hafði betur gegn nýliðum Hauka í gær á heimavelli 95-88. Hayward Fain hefur fallið vel inn í liðið á Sauðárkróki en hann skoraði 28 stig í gær og Sean Cunningham skoraði 20. Gerald Robinson var stigahæstur í liði Hauka með 22 stig. Seamj Inge náði sér ekki á strik í stigaskoruninni og var hann aðeins með 12 stig í liði Hauka.
Stjarnan vann góðan útisigur gegn Fjölni í Grafarvogi. Lokatölur 97-92. Að venju var Justin Shouse stigahæstur í liði Stjörnunnar en hann skoraði 24 stig og Jovan Zdravevski skoraði 23. Brandon Ja Juan Springer, nýr leikmaður í liði Fjölnis skoraði 20 líkt og Ingvaldur Magni Hafsteinsson.

- seþ

Viku geðveikin...

17. jan. til og með 23. jan.

Wilson'S PIZZA

16" pizza
m/2 áleggjum

verð aðeins kr.
1000
ef þú sækir

Osta brauðstangir
verð aðeins kr.
399
ef þú sækir

Hot wings
verð aðeins kr.
399
ef þú sækir

2 lítrar Pepsi
verð aðeins kr.
249
ef þú sækir

ATH: Opið til kl. 04.00 um helgar í Gnoðarvogi

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44
Ánanaustum 15
Eddufelli 6

581 15 15

ÚRSLITIN Á HM

BRASILÍA - ÍSLAND 26-34 (12-19)

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 11 (13), Alexander Petersson 7 (9), Þórir Ólafsson 5/1 (6/1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 84), Arnór Atlason 2 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (6/1), Vignir Svavarsson 1 (1), Aron Pálmarsson 1 (4), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Róbert Gunnarsson 1 (1).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 13 (36/1) 36%, Hreiðar Levý Guðmundsson 4 (7) 57%.
Hraðaupphlaup: 10 (Guðjón 7, Ingimundur, Alexander, Vignir).
Fiskuð víti: 2 (Arnór, Guðjón)
Utan vallar: 4 mín.

Mörk Brasilíu: Felipe Ribeiro 7, Jose Pacheco 5, Guilherme Oliveira 4, Alexandro Pozzer 3, Gustavo Cardoso 2, Leonardo Bortolini 2, Gil Pires 1, Thiagus Santos 1, Vinicius Teixeira 1.

B-riðill

Ungverjaland – Noregur	26-23 (14-16)
Japan – Austurríki	33-30 (18-11)

Staðan:

Ísland	2	2	0	0	66-52	4
Austurríki	2	1	0	1	64-57	2
Noregur	2	1	0	1	58-55	2
Japan	2	1	0	1	62-65	2
Ungverjaland	2	1	0	1	52-55	2
Brasilía	2	0	0	2	50-68	0

A-riðill

Bahrain – Þýskaland	18-38 (9-20)
Túnis – Spánn	18-21 (7-9)
Egyptaland - Frakkland	19-28 (8-12)

Staðan:

Þýskaland	2	2	0	0	68-43	4
Frakkland	2	2	0	0	60-38	4
Spánn	2	2	0	0	54-40	4
Egyptaland	2	0	0	2	44-58	0
Túnis	2	0	0	2	37-51	0
Bahrain	2	0	0	2	40-71	0

C-riðill

Ástralía – Serbía	18-35 (8-16)
Alsír – Króatía	15-26 (11-11)
Rúmenía – Danmörk	30-39 (16-17)

Staðan:

Danmörk	2	2	0	0	86-42	4
Króatía	2	2	0	0	53-36	4
Serbía	2	2	0	0	60-42	4
Rúmenía	2	0	0	2	51-66	0
Alsír	2	0	0	2	39-51	0
Ástralía	2	0	0	2	30-82	0

D-riðill

Síle – Suður-Kórea	22-37 (12-15)
Slóvakía – Svíþjóð	22-38 (14-15)
Argentína – Pólland	23-24 (6-11)

Staðan:

Svíþjóð	2	2	0	0	66-40	4
Pólland	2	2	0	0	59-56	4
Suður-Kórea	2	1	1	0	62-47	3
Argentína	2	0	1	1	48-49	1
Slóvakía	2	0	0	2	55-73	0
Síle	2	0	0	2	40-65	0

Leikir dagsins

B-riðill:

Ungverjaland – Brasilía	16.00
Noregur – Austurríki	18.10
Ísland - Japan	20.30

A-riðill

Spánn – Þýskaland	17.20
Frakkland – Bahrain	19.30
Túnis – Egyptaland	19.45

Guðjón Valur Sigurðsson býst við afar erfiðum leik gegn Japan í kvöld:

Eins gott að við verðum á tánum

HM 2011 Guðjón Valur Sigurðsson stimplaði sig inn á HM með stæl gegn Brasilíu og það mun mikið mæða á honum gegn Japan í kvöld enda þurfa hornamenn íslenska liðsins að vera klókir gegn framliggjandi vörn Japana og Guðjón mun eflaust vera duglegur að hlaupa inn á línuna.

„Ég var tala við vin minn Szilagyi frá Austurríki og hann sagðist hafa verið að velta fyrir sér að kæra leikinn gegn Japan í hálfleik enda hafði hann á tilfinningunni að þeir væru alltaf manni færri. Svo fljótir eru Japanarnir. Þeir eru líka tekníst góðir og virkilega erfiðir við að eiga. Það er því eins gott að við séum á tánum. Náum góðri vörn og markvörslu til þess að geta keyrt hraðaupphlaupin," segir Guðjón en hann vonast til þess að varnarleikurinn verði lykillinn að sigri.

„Á móti Kóreu í Peking spiluðum við frábæra vörn og lentum ekki í erfiðleikum þar. Sóknarleikurinn gekk aftur á móti ekki nógu vel og þar lentum við aldrei þessu vant í erfiðleikum," sagði Guðjón en þessi frægi Kóreuleikur tapaðist einmitt, 22-21.

„Við megum ekki falla í þá gryfju að vera of aftarlega gegn þeim. Það sýndi sig í leik Japans og Austurríki að það er ekki nógu gott. Þeir eru með hörku skotmenn og gríðarlega sterkir maður á móti manni. Við verðum því að mæta grimmir til leiks."

- hbg

11 MÖRK Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 11 mörk gegn Brasilíu og hér er eitt þeirra í uppsiglingu. Ísland mætir Japan í kvöld og hefst leikurinn 20.30 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verðum vonandi með réttu svörin

Íslenska liðið undirbjó sig í gær af kostgæfni fyrir leikinn gegn Japan í kvöld. Japan lagði Austurríki og var óheppið gegn Noregi. Ólafur Stefánsson gæti spilað í kvöld en hann lék ekki með gegn Brasilíu.

HM 2011 Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari fagnar því að hafa fengið heilan aukadag til þess að undirbúa lið sitt fyrir leikinn gegn Japan í kvöld. Japanar hafa komið skemmtilega á óvart á HM og hreinlega pökkuðu Austurríki saman á laugardag. Það gerir ekki hvaða lið sem er.

Leikurinn í kvöld verður því alls ekki auðveldur fyrir íslenska liðið rétt eins og margir bjuggust við fyrir mót.

„Greiningardeild landsliðsins var að í nánast alla nótt eftir Brasilíu-leikinn að störfum enda þarf að undirbúa sig vel fyrir þennan slag. Við erum búnir að greina báða leiki Japana á mótinu og héldum fund í morgun [í gær] þar sem við skoðuðum bæði varnar- og sóknarleik liðsins. Við vonumst því til að mæta með réttu hernaðaráætlunina í leikinn," segir Guðmundur en það ber margt að varast í leik Japana.

„Við þurfum að vera klárir í framliggjandi vörn þeirra. Það þarf að leysa með hlaupum úr hornum og öðru. Í vörninni má svo ekki falla í þá gryfju að falla of aftarlega gegn þeim. Austurríkismenn reyndu og skaðbrenndu sig á því."

Japan er að mörgu leyti óheðfbundið handboltalið sem Ísland fær ekki oft tækifæri til þess að mæta. Guðmundur segir að það sé því meiri undirbúningur fyrir slíkan leik en oft áður.

„Ég er þess vegna mjög feginn að fá aukadag í undirbúning. Fyrir utan myndbandsfundi munum við taka æfingu í einn og hálfan tíma. Þar munum við útfæra okkar leik gegn þeim. Við þurfum að æfa okkur gegn óhefbundinni vörn og það eru bara ekki margir leikir á ári þar sem við mætum svona varnarleik," segir Guðmundur.

Íslenska landsliðinu hefur oft gengið illa gegn sterkum Asíuþjóðum og Guðmundur var sjálfur í landsliðinu árið 1986 er Suður-Kórea valtaði yfir íslenska liðið og íslenska liðið vissi vart hvaðan á sig stóð veðrið í þeim leik.

Suður-Kórea lagði Ísland síðan að velli á Ólympíuleikunum í Peking og var það eini tapleikur liðsins þar fyrir utan úrslitaleikinn. Japan er að mörgu leyti sambærilegt lið og Guðmundur tekur andstæðinginn mjög alvarlega.

„Við erum fullmeðvitaðir um hversu strembið þetta verkefni er og höfum reynt að læra af fyrri leikjum. Undirbúningurinn verður eins góður og mögulegt er og ég vona svo innilega að við mætum til leiks með réttu svörin," sagði Guðmundur en hversu bjartsýnn er hann á að Ólafur Stefánsson spili leikinn en Ólafur glímir við hnémeiðsli eins og alþjóð ætti að vera kunnugt.

„Staðan á Ólafi er tiltölulega góð og við erum nokkuð bjartsýnir. Hann mun taka æfingu í dag [í gær] með okkur og svo sjáum við til hvernig hann verður. Þetta er allt á réttri leið og ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn hvað hann varðar."

ÁHORFANDI Ólafur Stefánsson lék ekki með Íslendingum gegn Brasilíu vegna meiðsla í hné. Hann sat í áhorfendastúkunni og fylgdist með gangi mála. Ólafur æfði með landsliðinu í gærkvöld og eru meiðsli hans ekki talin alvarleg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason

fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

Baráttukveðjur frá VÍS!

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

TILBOÐSDAGAR
BYRJA Í DAG

TENGI

BAÐINNRÉTTINGAR, STURTUHORN, BLÖNDUNARTÆKI, HANDLAUGAR OFL.

Baðinnrétting
IFÖ Sign 7322
Tilboðsverð: 29.900,- kr

Baðinnrétting
IFÖ Sign 7358
Tilboðsverð: 29.900,- kr

KJARAKAUP

Léttgreiðslur VISA og EURO

Fullt af frábærum tilboðum
Ferbox sturtuhornin komin aftur

MORA FMM Sturtusett
ECO
Tilboðsverð: 5.500,- kr

MORA FMM Sturtusett
GARONNE1
Tilboðsverð: 8.900,- kr

MORA FMM handlaugatæki
VERDE
Tilboðsverð: 9.900,- kr

ADRIA Sturtuhorn frá FERBOX
Stærðir: 80x80 cm og 90x90 cm

Upphengd salernisskál með setu
Tilboðsverð: 14.900,- kr

Balteco baðker
25-40% afsláttur af völdum baðkerum

* Tilboð gilda meðan birgðir endast

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is

> Richard Gere

„Ég er ekkert svo harður og ég er ekkert svo klár. Lífið verður að segja mér hver ég er og sýna mér það statt og stöðugt."

Richard Gere leikur Clifford Irving, sem selur svikna ævisögu Howard Hughes til útgefanda snemma á 8. áratugnum í von um að græða peninga, í kvikmyndinni The Hoax sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.

dagskrá

VIÐTÆKIÐ: SUNNA VALGERÐARDÓTTIR MEÐ HOLLYWOOD UM HELGAR

Annað land hinna klikkuðu karlmanna

Karlmennskan hefur verið í fyrirrúmi í mínu viðtæki upp á síðkastið. Í sumum tilvikum hefur hún verið látlaus og brotist fram undir vissum áhrifum yfirnáttúrulegra efna; eins og gammageisla eða rafeindakjarneðlisfyrirbæra. Annars hafa góðir menn eins og Tom Cruise, Daniel Craig og Matt Damon flexað sig á skjánum hjá mér – skjótandi, hoppandi og kýlandi, á milli þess sem þeir láta frá sér misgóða mónólóga sem niðurlægja andstæðingana þegar þess er þörf.

Ekkert bítur á þessum hetjum mínum. Nema þá hugsanlega endurgoldin ást þeirra á tilteknum konum, sem gætu í raun verið leiknar af sömu leikkonunni og notið góðs af sama handritinu í hvaða kvikmynd sem er. Hugsanlegt sparnaðarráð fyrir handritshöfunda Hollywood í framtíðinni…? Dökkhærðar bombur sem kunna eitthvað fyrir sér í bardagaíþróttum og undraheimi vísindanna þykja oftast ákjósanlegur félagi hetjanna og í flestum tilvikum enda hlutirnir vel.

Brjálæðislega reiði sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsey hóf göngu sína á skjánum á ný í síðustu viku og er hann annað testósterón sem ég hef fylgst með í gegn um tíðina. Mikil voru vonbrigði mín með þann söluvarning. Ramsey er hættur að öskra og blóta. Í staðinn er hinn mjúki maður tekinn við, sem biður um að fá að tala við foreldra keppenda, faðmar og biðst afsökunar. Hann hleypir öllum í gegn á meðan ítölsk hliðstæða Simons Cowell neitar nær öllum um hina eftirsóttu svuntu.

Má ég þá frekar biðja um Edward Norton á grænum sterum.

SJÓNVARPIÐ

16.40 Eva María og Erró (e)
17.20 Landinn (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Sammi (37:52)
18.07 Franklín (47:65)
18.30 Sagan af Enyó (3:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Er olían á þrotum? (1:2) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum. Hér grennslast rannsóknarblaðamaðurinn og metsölu-höfundurinn Eric Laurent fyrir um hvað hefur orðið um olíuiðnaðinn í heiminum síðan verðsprengingin mikla varð árið 1973.
20.55 Tískuvikan í Kaupmannahöfn Í þættinum er litið inn á sýningar hönnuða á tískuvikunni í Kaupmannahöfn.
21.25 Svona á ekki að lifa (3:6) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Lukkubær (6:8) Bandarísk þáttaröð. Aðstoðarlögreglustjóri í smábæ í Minnesota situr uppi með nokkur óupplýst barnaránsmál frá liðnum árum. Aðalhlutverk leika Geoff Stults, Lauren German og Amy Acker. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.00 Þýski boltinn Mörk og tilþrif úr síðustu leikjum í Bundesligunni, úrvalsdeild þýska fótboltans.
00.00 Kastljós (e)
00.20 Fréttir (e)
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

06.20 The Hoax
08.15 Mr. Bean
10.00 Stormbreaker
12.00 Back to the Future
14.00 Mr. Bean
16.00 Stormbreaker
18.00 Back to the Future
20.00 The Hoax
22.00 The Last Time
00.00 The Baxter
02.00 Angel-A
04.00 The Last Time
06.00 Romance and Cigarettes

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (9:22)
11.00 White Collar
11.45 Falcon Crest (10:28)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (21:24)
13.25 So You Think You Can Dance (3:23)
14.50 ET Weekend
15.30 Barnatími Stöðvar 2
16.45 Bratz
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (3:19)
19.45 The Big Bang Theory (5:17)
20.10 Glee (10:22)
20.55 Undercovers (7:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar og reka nú veislu-þjónustu í Los Angeles.
21.40 The Deep End (5:6) Áhrifarík þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virtri lögfræðistofu.
22.25 Tripping Over (1:6) Ævintýralegir þættir um þrjá vini sem búa í London og tvo vini sem búa í Sydney. Hóparnir ákveða að ferðast hvor til lands hins en hittast fyrst í Bangkok þar sem ákveðin atburðarás breytir lífi þeirra.
23.15 The Bill Engvall Show (6:8)
23.40 Dirty Driving. Thundercars of Indiana Heimildarmynd frá HBO.
00.50 Modern Family (7:24)
01.15 Chuck (9:19)
02.00 Burn Notice (4:16)
02.45 Crank
04.10 Undercovers (7:13)
04.55 The Deep End (5:6)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Túnis - Spánn
14.00 Spænski boltinn: Almeria - Real Madrid
15.45 Rúmenía - Danmörk
17.20 Spánn - Þýskaland Bein útsending frá leik Spánar og Þýskalands í A-riðli.
19.30 HM - Þorsteinn J og gestir Þorsteinn J. fær til sín handboltasérfræðinga og aðra góða gesti til að hita upp fyrir leiki dagsins á HM í handbolta.
20.20 Ísland - Japan Bein útsending frá leik Íslands og Japans í B-riðli. Leikurinn er sýndur í opinni dagskrá.
22.00 HM - Þorsteinn J og gestir Þorsteinn J. og gestir hans kryfja leik Íslands og Japans til mergjar.
23.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
23.50 Ísland - Japan (e)
01.15 HM - Þorsteinn J og gestir

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Tottenham - Man. Utd.
16.05 Man. City - Wolves
17.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
18.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
19.45 PL Classic Matches: Southampton - Tottenham, 1994
20.15 Chelsea - Blackburn
22.00 Premier League Review 2010/11
23.00 Ensku mörkin 2010/11
23.30 Liverpool - Everton

SKJÁR EINN

08.00 Dr. Phil (92:175)
08.45 Rachael Ray (168:175)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.55 7th Heaven (3:22)
16.40 Rachael Ray (169:175)
17.25 Dr. Phil (93:175)
18.10 Married Single Other (2:6)
19.00 Judging Amy (2:22)
19.45 Will & Grace (7:22)
20.10 90210 (11:22)
20.55 Life Unexpected (7:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli.
21.45 CSI NÝTT! (1:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.35 Jay Leno (180:260) Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.20 Dexter (9:12) Fimmta þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið.
00.10 Flashpoint (11:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
00.55 Will & Grace (7:22) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
01.20 Life Unexpected (7:13)
02.05 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

09.05 Sony Open in Hawaii (4:4)
13.25 Sony Open in Hawaii (4:4)
16.25 PGA Tour - Highlights (1:45)
17.20 Golfing World (60:70)
18.10 Golfing World (1:240) SkjárGolf sýnir daglegan fréttaþátt, alla virka daga, þar sem fjallað er um allt það nýjasta úr heimi golfsins. Fréttir, viðtöl, kynningar á golfvöllum, golfkennsla, klassísk atvik í golfsögunni og margt fleira. Þátturinn greinir frá öllu sem máli skiptir allt árið um kring.
19.00 Sony Open in Hawaii (4:4)
22.00 Golfing World (1:240)
22.50 PGA Tour Yearbooks (8:10)
23.50 ESPN America
00.00 Golfing World (39:70)
00.50 Golfing World (1:240)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.35 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.15 E.R. (10:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Hlemmavídeó (11:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
22.20 Chase (2:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum.
23.05 Numbers (11:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjallar um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flóknina sakamála.
23.50 Mad Men (6:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingamannsins Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
00.40 E.R. (10:22)
01.25 The Doctors
02.05 Sjáðu
02.30 Fréttir Stöðvar 2
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir Pétur Guðjónsson viðburðastjórnandi spjallar við Reyni Hjartarson kennara.
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Hún leitar uppi ótrúlegustu viðfangsefni.
20.30 Nýju fötin keisarans Steinunn Ketils og félagar.
21.00 Frumkvöðlar Guðrún Bergmann uppfull af hugmyndum.
21.30 Eldhús meistaranna Magnús kominn aftur á Lækjarbrekku.

Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 20.20
Ísland - Japan

„Strákarnir okkar" mæta Japönum í þriðja leik sínum á HM í handbolta og leikurinn er sýndur í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport. Japan hefur ekki náð góðum árangri á handboltavellinum undanfarin ár en það má ekki vanmeta andstæðingana á HM.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Víti og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

08.25 Only Fools and Horses **08.55** New Tricks **09.50** QI **10.15** Waterloo Road **11.10** EastEnders **11.40** Doctor Who **12.25** Deal or No Deal **13.00** Deal or No Deal **13.40** QI **14.05** QI **14.35** Only Fools and Horses **15.05** Only Fools and Horses **15.35** Doctor Who **16.25** New Tricks **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Wrong Door **20.00** Catterick **20.30** Torchwood **21.20** The Office **21.50** QI **22.20** QI **22.50** New Tricks **23.40** EastEnders **00.10** Wrong Door

DR 1

11.00 DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tusind meter norsk natur **11.30** By på Skrump **12.30** Den lille forskel **13.00** Den store dag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Enæggede tvillinger **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Babar **15.30** Ni-Hao Kai Lan **15.55** Johannas husdyr **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Jamie Olivers eget køkken **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Jamie Olivers skolemad **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt med VM Håndbold **21.10** Lykke **22.10** DR1 Dokumentaren **23.10** OBS **23.15** Robin Hood

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** Schrödingers katt **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Roht på jobben **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.15** Kjendisbarnevakten **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Koselig med peis **21.30** Sangskatter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kalde spor **23.55** Nytt på nytt

SVT 1

11.05 Sportspegeln **11.35** Sverige! **12.30** Calle P. **13.40** Hipp Hipp **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Helen Thomas, veteranen i Vita huset **15.45** Pygméernas ängel **15.55** Minuten **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Svenska Idrottsgalan 2011 **21.30** Sex på kartan **22.00** Morden i Midsomer **23.30** Big Love **00.30** Randy utvärderar Sverige **01.30** Harg! Platsens musik

Grand Spa
heilsulind | líkamsræktarstöð

Grand Spa er ein fullkomnasta og glæsilegasta heilsulind landsins. Þar starfar einstaklega hæft fólk sem veitir þér faglega hjálp í að ná þínum markmiðum.

Vilt þú:

- Léttast og koma þér í sundfataform?
- Komast upp á Esjuna á klukkutíma?
- Hlaupa 10 kílómetra?
- Komast í topp skíðaform?
- Hætta að reykja?

Við getum hjálpað hvert sem markmiðið er. Hafðu samband við okkur strax!

Hjá okkur færðu persónulega þjónustu fyrir þig eina(nn). Það er alltaf þjálfari í salnum okkar til að aðstoða þig.

Frítt herðanudd í pottum eftir allar æfingar.

Þinn lykill:

Þegar þú byrjar að æfa hjá okkur færðu afhentan Technogym lykil sem fylgir þér í gegnum æfingarnar og hefur að geyma þínar stillingar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.

Viltu æfa í alvöru? Viltu sjá alvöru árangur? Þú gerir ekkert ein(n). Þú gerir það sem við segjum þér að gera og nærð 100% árangri!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.

NÝTT

MILLJÓNA VELTAN

Drögum 28. janúar

5x 1 milljón

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



„Daily Show með John Stewart er eini þátturinn sem ég man klukkan hvað er og því eini þátturinn sem ég fylgist með í sjónvarpi. Það er afskaplega gaman að fylgjast með honum gera grín að bandarískum stjórnmálamönnum.“

Páll Guðbrandsson, kynningarfulltrúi lesa.is.

Börnin elskuðu Dorrit

„Þetta var bara dásamlegt og það verður spennandi að sjá útkomuna,“ segir Ágúst Már Harðarson, kokkur hjá barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Forsetafrúin Dorrit Moussaieff og Sólveig Eiríksdóttir heimsóttu í síðustu viku leikskólann Öskju fyrir nýja sjónvarpsþáttaröð um hollustu og mataræði.

Krakkarnir fengu að taka þátt í að útbúa hollan og góðan mat ásamt forsetafrúnni og fyrir fram hefði kannski mátt búast við að spennan bæri sum börnin ofurliði, enda kannski ekki vön því að koma fram fyrir framan tökuvélar, leikstjóra og ljós. En það var öðru nær. „Börnin elskuðu Dorrit og það var hreint út sagt ótrúlegt að sjá hvernig þeim kom saman, hún lék í fingrunum á þeim og þau í hennar, hún kunni öll tökin. Þau voru svona pínu stressuð í byrjun en svo rúllaði þetta bara áfram eðlilega,“ segir Ágúst.

Þættirnir með forsetafrúnni og Sólveigu verða alls þrír talsins en þær hafa heimsótt býli sem sérhæfa sig í lífrænni ræktun og grunnskóla. Þættirnir eru framleiddir af Saga Film og verða sýndir á Stöð 2.

- fgg

FORSETAFRÚ Í STUÐI Dorrit var í miklu stuði þegar hún heimsótti leikskólann Öskju ásamt Sólveigu Eiríksdóttur. Með þeim á myndinni frá vinstri eru Freyja, Markús, Snorri, Fönn og Jóhanna.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Trúðarnir Frank Hvam og **Casper Christensen** komu í stutta heimsókn til Íslands um þarsíðustu helgi. Mikla athygli vakti þegar systurmiðlarnir Bleikt.is og Pressan.is birtu fréttir um að félagarnir hefðu fest kaup á íbúð hér á landi og var það haft eftir Frank Hvam sjálfum. Fréttablaðið náði með krókaleiðum í skottið á Hvam, sem sagði að meint íbúðarkaup sín á Íslandi væru „kjaftæði“ eða „bullshit“.

Í kjölfar fréttarinnar skrifaði **Hlín Einarsdóttir**, ritstjóri Bleikt.is, pistilinn Ég og Klovn þar sem hún segir frá samskiptum sínum við Hvam og Christensen. Hún vitnar í Hvam á ensku, sem segist kunna svo vel við Ísland að hann hafi *ákveðið* að kaupa íbúð hér á landi. Hvergi kemur fram að hann hafi *keypt* íbúðina. Þar stendur hnífurinn í kúnni því í fyrri fréttum Bleikt.is og Pressunnar segir að þeir hafi keypt íbúðina – sem þeir gerðu ekki, samkvæmt Hvam sjálfum.

DV birti svo enn eina fréttina um málið á föstudag undir fyrirsögninni Þeir keyptu víst íbúð. Þar segist Hlín standa við fyrstu fréttina, þrátt fyrir að vera sjálf búin að hrekja hana í eigin pistli. Hún segir málið byggt á misskilningi, þegar það er í raun byggt á þýðingarvillu.

- afb

FAGNAÐARFUNDIR Ólafur og Guðmunda með plötuna Lífsjátning sem hún áritaði fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÓLAFUR SIGURÐSSON: VINNUM AÐ ÞVÍ AÐ SKRÁSETJA ÍSLENSKA TÓNLIST

Safnari fær loksins áritun á Lífsjátningu Guðmundu

„Þetta er stórmerk kona. Hún náði langt og söng fyrir Bandaríkjaforseta á lóð Hvíta hússins í den,“ segir hljómplötusafnarinn Ólafur Sigurðsson.

Ólafur heimsótti söngkonuna Guðmundu Elíasdóttur á dögunum og fékk hjá henni áritun á plötuna Lífsjátning, sem kom út samhliða samnefndri bók Ingólfs Margeirssonar árið 1981. Hann var að hitta Guðmundu í fyrsta skipti og segir hana vera afar hressa og skemmtilega. Ólafur segir plötuna nokkuð sjaldgjæfa, en að útgáfuferill Guðmundu sé að öðru leyti mjög óljós. „Það var eitthvað tekið upp í Noregi með henni, en hún vissi ekki hvað varð um það. Hún var þekkt á Norðurlöndunum,“ segir hann. „Hún lofaði alveg ofboðslega góðu og var farin að syngja og öðlast frægð, en þá missir hún röddina. Þetta var alveg ægilegt áfall. Hún kom svo heim og fór að kenna söng.“

Ólafur er í hljómplötuklúbbnum Íslensk tónlist, en þar koma saman helstu hljómplötusafnarar landsins. Sjálfur safnar hann árituðum plötum og var heimsóknin til Guðmundu því kærkomin. „Ég á líka Hljóma, Hauk Morthens og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta er bara sérviska. Safnaradella,“ segir hann hress.

Hann segir hljómplötuklúbbinn hittast nokkrum sinnum á ári, en meðlimirnir vinna að því að skrá allar vínylplötur sem hafa verið gefnar út á íslensku. „Við erum að vinna í því – þetta er tónlistarsagan,“ segir hann. „Það eru komnar allar 78 snúninga hljómplöturnar, ásamt öllum frá SG og Tónaútgáfunni. Svo er ýmislegt eftir.“

Sjálfur á Ólafur safn af 78 snúninga plötum sem var áður í eigu Karls Strand sem bjó í London á stríðsárunum. „Þessar plötur voru lánaðar í *undergroundið* þegar sprengjum rigndi yfir London. Pældu í því. Þá voru þeir að hlusta á MA-kvartettinn,“ segir Ólafur og hlær. „Svo hitti ég Breta á Íslandi sem heitir Michael Strand og ég spyr hvort hann sé skyldur Karli Strand. Þá var það afi hans. Skrýtin tilviljun. Þá sagði hann mér að afi sinn hefði alltaf verið að spila *einhverja leiðinlega músík*. En það var gaman að ég datt niður á þetta safn.“

atlifannar@frettabladid.is

Punkturinn vinsæll á netinu

Grínþátturinn Punkturinn hefur notið vaxandi vinsælda á netinu að undanförnu. Þar eru á ferðinni hárbeitt og fjölbreytt grínatriði þar sem skotspónninn er samfélagið, auglýsingar og ýmislegt annað.

„Við byrjuðum að gera þetta ég og félagar mínir þegar við vorum í MK. Við ákváðum að krydda upp á félagslífið með því að koma með „sketsa“-þætti í annarri hverri viku,“ segir Tómas Aguinas Rizzo, annar af tveimur leikstjórum þáttanna. Hinn leikstjórinn heitir Sindri Gretarsson og þeir báðir eru handritshöfundar ásamt Guðmundi Heiðari Helgasyni.

Síðasta haust var ákveðið að gera meiri alvöru úr grínið og vanda enn frekar til verka. „Við tókum saman „best of“-þátt úr gamla efninu og settum á Facebook og Youtube til að sjá viðbrögðin. Þau voru mjög jákvæð þannig að við ákváðum að kalla hópinn saman og byrja upp á nýtt,“ segir Tómas. Síðan þá hafa sjö þættir verið gerðir og er sá áttundi á leiðinni í lok mánaðarins. Þar verða nokkrar þekktar manneskjur í litlum hlutverkum, þar á meðal Maggi Mix.

Við gerð þáttanna er notuð Canon 5D-vél þar sem tekið er upp í háskerpu, auk þess sem hljóðgræjurnar eru vandaðar. „Það er mjög mikið atriði að þetta líti vel út og hljómi vel. Okkur finnst það jafnmikilvægt og það að sketsarnir séu að virka,“ segir Tómas.

Hægt er að nálgast Punktinn á síðunni Kvikmyndir.is, Facebook og á Youtube.

- fb

TÓMAS AGUINAS RIZZO Tómas er annar af leikstjórum grínþáttanna Punkturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TAKK FYRIR!

MJÚKDÝRALEIÐANGURINN Á ÍSLANDI SAFNAÐI 15.537 EVRUM EÐA 2.392.698 KRÓNUM*

FRÁ 1. NÓVEMBER TIL 23. DESEMBER 2010.

Framlagið gefur fleiri börnum tækifæri
í lífinu með góðri menntun.

Framlagið nýtist til að kenna kennurum barnvænar kennsluaðferðir, byggja betri skóla og sjá börnum fyrir námsgögnum og kennslubókum.

LEIÐANGURINN HELDUR ÁFRAM!

unicef

Barnaheill
Save the Children

IKEA®

* Miðað við að gengi evru sé 154 krónur.

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslensk alþýðubókasöfn til sýnis

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir þátttöku Íslendinga í bókamessunni í Frankfurt næsta haust. Ísland og íslenskar bókmenntir verða þar heiðursgestir og þessa dagana er unnið að þýðingu á 120 íslenskum bókum fyrir messuna. **Halldór Guðmundsson**, verkefnastjóri Sögueyjunnar Íslands, og aðrir sem standa að skipulagningunni ætla þó ekki að láta íslenska höfunda eina standa í sviðsljósinu. Á næstunni verður auglýst eftir myndum af bókasöfnum á íslenskum heimilum og mun ætlunin vera að nota þær til kynningar á bókaþjóðinni miklu úti í miðju Atlantshafi.

Önnum kafinn tískubloggari

Hildur Knútsdóttir og alteregó hennar, sem kallar sig einfaldlega h, hefur vakið athygli fyrir kaldhæðin skrif á bloggsíðunni tiskublogg.blogspot.com og meðal annars skylmst eftirminnilega við kollega sína í Pjattrófunum á Eyjunni. En hún lætur ekki þar við sitja því með vorinu er stefnt að útgáfu tveggja bóka eftir Hildi. Fyrsta skáldsaga hennar kemur út hjá Forlaginu en vinnuheiti hinnar bókarinnar er „Lífsstíllinn: megrun, tíska, Bob og beikon." Eins og titillinn bendir til er hún skrifuð í anda tískubloggsins, en Ókeibæ Kur gefa út.

- hdm, kg

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ætlaði að kaupa tannbursta – endaði á því að kaupa vín fy900 þúsund
2. Í lífshættu eftir líkamsárás fyrir utan Players
3. Lögreglumorðingja leitað í Bandaríkjunum
4. Forsetinn skaut skvassbolta í ljósmyndara Fréttablaðsins
5. Ákærð fyrir ólöglegar fegrunaraðgerðir – lokaði sárum límí

Office1
Fyrirtækjaþjónusta
ÓDÝR
REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI
550 4111
Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is